

SKÝRSLA

UM

NOKKRAR ATHUGANIR Á VEGUM NUR

VARÐANDI ENDURSKIPULAGNINGU

RAFORKUVINNSLU

Samantekið af Jakobi
Gíslasyni, formanni NUR,
til umræðu í nefndinni

MAÍ 1975

SKÝRSLA

UM

NOKKRAR ATHUGANIR Á VEGUM NUR

VARÐANDI ENDURSKIPULAGNINGU

RAFORKUVINNSLU

Samantekið af Jakobi
Gíslasyni, formanni NUR,
til umræðu í nefndinni

MAÍ 1975

NIÐURSTÖÐUR

Þær aðferðir, sem virðast helst koma til álita við endurskipulagningu raforkuvinnslu og stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækja hér á landi, eru þessar:

a) Reiðufjárframlag án mats.

Eigendur þeirra orkuvinnslumannvirkja og aðalorkuveitna, sem fyrir eru í landshlutanum, leggi landshlutaorkuvinnslufyrirtækinu þær til sem endurgjaldslaust framlag. Önnur sveitarfélög á svæðinu leggi landshlutaorkuvinnslufyrirtækinu til sem stofnframlag kr. 7500,00 á hvern íbúa í sveitarfélagi skv. þjóðskrá 1.12.1974. Landshlutaframtækið sé sameignarfyrirtæki og eigi ríkið fyrirtækið að hálfu og sveitarfélögin að hálfu í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1.12.1974. Innbyrðis ábyrgð og atkvæðamagn á fulltrúafundum fari eftir eignarhlutföllum.

b) Rekstraryfirtökuaðferð.

Eigendur þeirra orkuvinnslumannvirkja og aðalorkuveitna, sem fyrir eru í landshlutanum, fullgerð og í rekstri, verði áfram eigendur þeirra, en mannvirkin verði með sérstökum samningum falin landshlutaorkuvinnslufyrirtækinu til rekstrar sem hluti heildarrekstrar þess. Af heildarrekstrarafgangi landshlutaframtækisins falli til þessara mannvirkja fyrningarfé þeirra og jafnmikill hluti af heildararði og þau eru mikill hluti af bókfærðri eign í byrjun árs. Raforkuvinnslumannvirki og aðalorkuveitur, sem nú eru í smíðum í landshlutanum, renni til landshlutaorkuvinnslufyrirtækisins sem eign þess á kostnaðarverði samkv. byggingarreikningi með áhvílandi skuldum. Landshlutaframtækið sé sameignarfyrirtæki, sem ríkið eigi að hálfu og sveitarfélögin að hálfu í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1.12. 1974. Innbyrðis ábyrgð, svo og

framlag eigin fjár til framkvæmda fyrirtækisins (þar með talin virki nú í smíðum, sbr. að ofan) fari eftir eignarhlutföllum. Hvert sveitarfélag hafi á aðalfundum (fulltrúaráðsfundum) eitt atkvæði fyrir hverja 100 íbúa, skv. þjóðskrá 1. des. 1974 og ríkið jafnmörg atkvæði á móti, en að auki hafi eigendur eitt atkvæði á hvern tug milljóna króna í aðild sinni að vergri (bókfærðri) eign í byrjun árs, og nái það ákvæði einnig til hinna eldri virkja.

c) Skuldayfirtökuaðferðin.

Landshlutaorkuvinnslufyrirtækið sé sameignarfyrirtæki, sem ríkið eigi að hálfu og sveitarfélögin í landshlutanum að hálfu, í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1.12.1974. Raforkuvinnslu- og aðalorkuflutningsmannvirki, sem fyrir eru í landshlutanum renni sem stofnframlag eigenda þeirra til landshlutaframtækisins, en framlag annarra sveitarfélaga og að nokkru leyti ríkisins sé það að taka að sér að greiða (úr sveitarsjóðum og ríkissjóði) skuldir, sem á eldri mannvirkjum hvíla, þannig og í þeim mæli, að framlög allra eigenda landshlutaframtækisins, geti þá talist svara til eignarhlutfallanna. Samkvæmt lauslegri athugun myndi skuldayfirtaka sveitarfélaganna í flestum landshlutum þurfa að vera 15 - 18 þús. kr. á hvern íbúa og greiðast upp á 10 - 20 árum með 8 - 10% vöxtum.

----- 0 -----

Um nánari greinargerð vísast í eftirfarandi skýrslu og fylgiskjöl með henni.

Telja má, að þessar þrjár aðferðir séu allar framkvæmanlegar, ef pólitískur vilji er fyrir hendi, en jafnframt er ljóst, að slíkur vilji er skilyrði fyrir óhjákvæmligri löggjöf og framkvæmdum

SKÝRSLA UM NOKKRAR ATHUGANIR Á VEGUM NUR
VARÐANDI ENDURSKIPULAGNINGU RAFORKUVINNSLU.

I. INNGANGUR

1. Núverandi eignir í raforkuvinnslumannvirkjum
2. Þörf endurskipulagningar.
3. Forsendur og aðferðir við stofnun landshluta-fyrirtækja.

II. AÐFERÐIR VIÐ STOFNUN

Lýsingar og fjárhagsleg yfirlit.

- | | |
|--|----------------------|
| 1. Umræðugrundvöllur, 15. mars 1974 | 740315 BS |
| 2. "Reiðufjárframlaga-aðferðin" | 740701 |
| 3. "Reiðufjárframlag án mats" | 740318 RA |
| 4. "Skuldayfirtökuaðferðin" | 740701 |
| 5. "Eignasöluaðferðin" | 740828 |
| 6. "Óbundin eignarhlutföll" | 740829 |
| 7. "Eldri virkjunarfyrirtæki lifi áfram" | 740901 |
| 8. "Skattaálagningaraðferðin" | 750221 JB |
| 9. "Skuldaábyrgða-aðferðin" | 750225 JG |
| 9. "Rekstraryfirtökuaðferðin" | 750310 JG |

III. FYLGISKJÖL

- | | |
|--|-----------|
| I. Umræðugrundvöllur, 15. mars 1974 | 740315 BS |
| II. Umræðugrundvöllur um Norðurlandsv. | 740502 ÁE |
| III. Minnisgreinar Ragnars Aðalsteinss. hrl.,
frá fundi á Akureyri 10. maí 1974 | 740510 RA |
| IV. Rafmv.rík. Umskrifaðir efnahagsreikn. | 741025 JG |
| V. Eignir og skuldir orkuvinnslufyrirtækja
31.12.1973 | 741031 JG |
| VI. "Reiðufjárframlag án mats" | 750318 RA |
| VII. Stofnun landshluta-fyrirtækja til raforku-
vinnslu. "Rekstraryfirtökuaðferðin" | 750324 JG |

SKÝRSLA UM NOKKRAR ATHYGANIR Á VEGUM NUR
VARDANDI ENDURSKIPTULAGNINGU RA FORKUVINNISL.

I. INNGANGUR.

1. Núverandi eignir í raforkuvinnslumannvirkjum.

Samkvæmt ársreikningum rafveitna á Íslandi er skuldlaus eign þjóðarinnar í raforkuverum og aðalorkuflutningsmannvirkjum 5,1 milljarður króna í árslok 1973.

Þessi skuldlausa eign skiptist þannig niður á eignaraðila:

	Sveitar- Skuldlaus		Íbúafjöldi		Skuldlaus	
	fél.	eign	tala	%	eign á íbúa	
	Tala	Mkr.	%	tala	%	Kr.
Ríki	-	3231	64	-	-	
Reykjavík	1	1490	29	84333	39,5	17668
Akureyri	1	204	4	11484	5,4	17851
Akranes, Mýr. Borgf. s	18	112	2	8042	3,8	13678
Ísafjörður	1	42	1	3114	1,5	14451
Siglufjörður	1	4	0,1	2075	1,0	2410
Önnur sv.fél.	202	0	0	104451	48,9	0
	224	5083	100,1	23499	100,1	

Eignir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins eru, skv. upplýsingum í ársreikningum, endurmetnar til verðlags í árslok 1973, eignir Laxárvirkjunar til ársloka 1972, eignir Andakílsárvirkjunar og eignir Ísafjarðar til ársloka 1969, en eignir Siglufjarðar virðast alveg óendurmetnar.

Á þessum orkuvinnslumannvirkjum voru áhvílandi skuldir 8706 Mkr. og bókfærð eign því 13789 Mkr.

Eftir landshlutum skiptist eignin þannig:

	Bókf.eign	Áhv.skld.	Skuldeign
Suðurland (V. Skaft.-Kjósarsýsla)	10414	7178	3236
Vesturland	320	108	212
Vestfirðir	742	302	440
Norðlendingafjórðungur	1344	703	641
Austurland	969	415	554
	13789	8706	5083

2. Þörf endurskipulagningar.

Orkuvinnslumannvirki landsins eru skv. framanrituðu í eigu ríkisins, Reykjavíkur og Akureyrar að 97 hundraðshlutum,; 20 önnur sveitarfélög eiga 3 hundraðshluta, en 202 sveitarfélög eru ekki eignaraðilar að orkuvinnslufyrirtækjum.

Rætt hefur verið um að endurskipuleggja þessi mál á þá lund, að öll sveitarfélög landsins verði eignaraðilar að orkuvinnslufyrirtækjum landsins og þá haft í huga, að stofnað yrði í hverjum landshluta eitt fyrirtæki til raforkuvinnslu, sem öll sveitarfélög í landshlutanum fengju aðild að í hlutfalli við stærð þeirra, þ.e.a.s. sem næst beinu hlutfalli við íbúatölur í umdæmum þeirra. Inn í þessi landshlutafyrirtæki rygnu þau orkuvinnslufyrirtæki, sem fyrir eru, en landshlutafyrirtækin fengju einkarétt til raforkuvinnslu hvert í sínum landshluta.

Ef þetta á að fara fram eftir venjulegum viðskiptaleiðum, þurfa sveitarfélög, sem ekki eiga vinnslumannvirki, að leggja inn í sameignina, að leggja fram fé til fyrirtækisins á móti skuldlausum eignum hinna, og það í því hlutfalli við verðmæti eignanna, sem með þarf, til þess að eignaraðildarhlutföllin verði rétt, eða þau sem óskað er.

Ljóst er, að ýmsum erfiðleikum kann að verða bundið í framkvæmd, að "eignalaus" sveitarfélögin kaupi sig þannig inn í sameign við orkuvinnslufyrirtækin, sem fyrir eru. Stærsti annmarkinn er þó væntanlega sá, að sveitarfélögin muni telja sér ofviða að leggja fram svo mikið fjármagn, sem með þarf, eða standa undir þeim lánum, sem þau þyrfti að taka á sínar herðar í þessu skyni.

Samkvæmt yfirlitinu hér að framan eiga 22 sveitarfélög, samtals 109.048 manns, skuldlausar eignir í raforkuvinnslumannvirkjum alls að upphæð 1.852 Mkr, eða 16.980,- kr. á mann að meðaltali. Hin sveitarfélögin, 202 að tölu, samtals 104.451 manns, ættu þá að leggja fram $104.451 \times 16.980 = 1.774$ milljón krónur í reiðufé móti þeim skuldlausu eignum sem hinir leggja inn að stofnframlagi, og að auki um 500 Mkr. á móti ríkinu alls tæplega 2300 milljón krónur. Þetta vex sveitarfélögunum í augum.

3. Forsendur og aðferðir við stofnun landshlutaafyrirtækjanna.

Athugaðar hafa verið ýmsar leiðir eða aðferðir við stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna með það fyrir augum að auðvelda stofnun þeirra og þar með framkvæmd þeirrar endurskipulagningar raforkuvinnslumálanna, sem svo brýn þörf virðist vera á. Við þá athugun hefur þó jafnan verið gengið út frá að æskilegt sé:

1) að eignaraðild ríkissjóðs að landshlutaorkuvinnslufyrirtækjunum sé 50%; 2) að eignaraðild sveitarfélaganna skiptist innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölur, og 3) að raforkuvinnslumannvirkin sem fyrir eru í landinu renni til landshlutaafyrirtækjanna sem stofnframlag eigenda til þeirra, þannig að ekki verði við slíka endurskipulagningu dregið út úr raforkuiðnaðinum neitt fjármagn, sem þegar hfur verið í hann lagt.

Um endurskipulagningu raforkuvinnslu,
 í umræðum þeim sem farið hafa fram ~~í skipulagsmálum raforkuvinnslu~~ síðustu 3-4
~~afskulmál sem lögð fram í Alþingi 1971-72, að tilhlutan ríkis~~
~~sjóðsinnar~~, hefur margt borið á góma og skoðanir verið skiftar
 um tilhögun og aðferðir við þá endurskoðun rafveitumála, ~~sem þinga~~
~~skipulagsmálum raforkuvinnslu.~~

Menn hafa þó verið nokkurn veginn sammál um, að orkuvinnslan og aðalorkuflutningur annars vegar og dreifing raforku og sala til notenda hins vegar eigi að vera skipulagslega aðskildar. Jafnframt hefur farið svo, að í fyrstu hefur megináherzla verið lögð á athugun á skipulagsmálum orkuvinnslunnar. Og til þessa hafa um-

ræðurnar ~~linkun~~ snúzt um stofnun Norðurlandsvirkjunar, eins sameiginlegs orkuvinnslufyrirtækis fyrir allan Norðlendingafjórðung. Samtímis hafa menn þó að sjálfhögu haft bak við eyrað, að tilsvarendi orkuvinnslufélag yrði stofnað í hverjum hinna landslutanna.

Margar þeirra lausna, sem borið hefur á góma í umræðunum um stofnun og tilhögun Norðurlandsvirkjunar, fela í sér einhver frávík frá þeim kröfum, sem fram eru settar í upphafi þessa ~~skýrslu~~ **Kalla.**

~~Það er frávík frá kröfum um að stofna virkjun~~

Á árinu 1972 var tekinn fyrir umræðugrundvöllur, sem gerði ráð fyrir þeim möguleika, að lítil sem engin þátttaka yrði af hálfu annarra sveitarfélaga en Akureyrar og Siglufjarðar í stofnun og meðeign að Norðurlandsvirkjun. En sá umræðugrundvöllur mætti gagnrýni og andmælum, byggðum á þeim rökstuðningi, að þá væri í rauninni verið að festa um fyrirsjáanlega framtíð þá forrættinda- aðstöðu Akureyrarkaupstaðar og Siglufjarðar fram yfir öll önnur sveitarfélög fjórðungsins að fá að virkja vatnsafl fjórðungsins í sameign með ríkissjóði.

Breytingartillaga kom fram við þennan umræðugrundvöll á þá leið, að sveitarfélög, sem ekki kærðu sig um eða af fjárhagslegum ástæðum treystu sér ekki til að gerast meðeigendur strax, skyldu eiga rétt á að gerast það síðar, hvenær sem þau æsktu þess. Var þá á það bent, að þegar frá liði, myndi það verða ennþá erfiðara fjárhagslega séð fyrir sveitarfélög að kaupa sig inn í fyrirtækið, og því erfiðara sem lengra liði og því meiri skuldlaus eign, sem eigendum fyrirtækisins þá hefði safnast til viðbótar.

Hugmynd kom fram um það að stofna Norðurlandsvirkjun með hóflegu reiðurfjárframlagi allra sveitarfélaga í Norðlendingafjórðungi (einnig Akureyrar og Siglufjarðar), og þá í hlutfalli við stærð þeirra (höfðatölu). Væru þá eignir Akureyrar og Siglufjarðar ekki teknar sem stofnframlög þeirra, heldur samið við þau um, að Norðurlandsvirkjun fengi mannvirki þeirra keypt með viðunandi kjörum.

En þessi hugmynd var harðlega gagnrýnd á þeim grundvelli, að farið væri alveg ófugt að hlutunum, ef eigin fjármagn það, er nú væri fyrir hendi í "raforkuiðnaðinum", yrði á þennan hátt út úr honum dregið til annarra og óskildra nota.

Þá hafa komið fram og verið athuguð margvísleg önnur tilbrigði frávika frá nefndum fjórum kröfum, a) eignaraðild ríkisins ekki bundin við 50%, ýmist meiri eða minni; b) eignaraðildarhlutföll sveitarfélaganna ekki bundin við stærð þeirra; c) raforkuvinnslueignir ríkis, Akureyrar og Siglufjarðar ekki teknar nema að hluta til sem stofnframlag, en Norðurlandsvirkjun kaupi af þeim hinn hlutann, og kemur þá mismunandi skipting þar á milli til álitá; d) ákveðin yrði viss arðgreiðsla Norðurlandsvirkjunar til eigenda sinna og arður til þeirra sveitarfélaga, sem ekki eiga nein mannvirki að leggja fram, yrði um tiltekið árabíl tekinn upp í stofnframlag, en Akureyri, Siglufirði og ríkinu, sem leggja eignir inn sem stofnframlag, yrði greiddur út arðurinn; e) ýmiss konar samblendingur allra þessara frávika, en ljóst er, að það gefur möguleika á óendanlegri tilbreytni; f) tillögu var kastað fram um, að sveitarfélögin attu sinn helming Norðurlandsvirkjunar í óskiptri sameign, en þótti við nánari athugun hæpin; g) hugmynd kom fram um myndun sérstaks sameignarfélags allra sveitarfélaga á Norðurlandi að Norðurlandsvirkjun og attu sameignarfélagið hana að hálfu móti ríkinu, en jafnframt kom þá til orða, að sameignarfélagið yrði skipulagslega tengt fjóðungssambandinu; þessi hugmynd hefur ekki verið rædd til hliðtar; og loks sú hugmynd, að ríkið selji með hagkvæmum kjörum þeim sveitarfélögum, sem engin raforkuvinnslueignir eiga, hluta af mannvirkjum sínum til að nota sem stofnframlög til Norðurlandsvirkjunar. Við þessa hugmynd er það að athuga, að ríkinu sjálfu veitir ekki af öllum sínum raforkuvinnslueignum til stofnframlags á móti Akureyri og Siglufirði og þarf raunar að leggja verulega upphæð (yfir 200 Mkr.) til viðbótar þeim til þess að kaupa sér helmingaeign í fyrirtækinu. ~~Þetta er einn af mörgum dæmum um óþarfliga og óþarfa útgáfu fjármanna til óþarfliga og óþarfa verkefna.~~

~~Þetta er einn af mörgum dæmum um óþarfliga og óþarfa útgáfu fjármanna til óþarfliga og óþarfa verkefna.~~

II. AÐFERÐIR VIÐ STOFNUN LANDSHLUTAFYRIRTEKJANNA

Lýsingar og fjárhagsleg yfirlit.

I. Umræðugrundvöllur 15. mars 1974:

Sjá fylgiskjal nr. I.

Sjá enn fremur eftirfarandi
fjárhagslegt yfirlit

2. Reiðufjárframlagsáferðin

Þetta er eiginlega sú áferð við stofnun landshlutaraforkuvinnslufyrirtækjanna, sem upprunalega var stungið upp á. Hún er í því fólgin, að sveitarfélög, sem ekki eiga raforkuvinnslueignir að leggja fram, kaupi með beinum fjárframlögum, "reiðufé", hluti á móti þeim, sem eignir leggja fram. Með "eign" er þá átt við skuldlausu eign í orkuvinnslufyrirtækjunum sem fyrir eru.

Ef "reiðufjáraáferðin" á að leiða til helmingseignar ríkisins og eignaraðildar sveitarfélaga samtals að helmingi en innbyrðis í hlutfalli við höfðatölu, jafnframt því að núverandi raforkuvinnslueignir ríkisins og sveitarfélaganna rynnu allar sem stofnframlag inn í landshlutaafyrirtækin, myndi skipting eigna og framlaga þurfa að vera á þá leið, sem eftirfarandi tafla sýnir (miðað við ársreikninga fyrirtækjanna árið 1973):

	Íbúa- tala	Íbúa- hlutf.	Eign hlutf.	Fram- lagðar eignir Mkr.	Reiðu- fjár framl. Mkr.	Samt. skuldl. eign Mkr.	Áhvíl- andi skuldir Mkr.	Bókfærð eign Mkr.
Ríki		50	50	3231	980	4211	4909	9120
Eig. eldri virkja	109.048	25,5	23,0	1852	82	1934	3797	5731
Önnur sv.fél.	104.451	24,5	27,0	0	2277	2277	0	2277
	213.499	100	100	5083	3339	8422	8706	17128

Sveitarfélögin, sem engar orkuvinnslueignir eiga, þurfa samkvæmt þessu að leggja fram 2292 Mkr. eða að meðaltali 21.943,- kr. á mann í reiðufé (breytilegt frá 13911,- til 47.117,- kr./mann eftir landshlutum).

Þessari tillögu (hugmynd) fylgja engar tillögur um fjáröflun til greiðslu reiðufjárframlagsins. ~~Þá eigna- og stofnframlagsáferðin~~

Sjá umfræmum eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

750324-JG

Mkr.

"Reiðufjárframlagsaðferðin"
Fjárhagslegt yfirlit.

Landshlutar	Eigendur	Íbúar tala	%	Eign- hlutf	Inn- lagðar eignir	Reiðu- fjár framl.	Samt. skuldl. eign	Ahvíl. skuldir	Bók- færó eign	Reiðufjár- framlag kr./mann
Norðurland	Ríki	-	50	50	433	77	510	436	946	
	Akureyri-Sigl.	13559	20,4	208	0	0	208	267	475	
	Önn.sv.félög	19692	29,6	0	0	302	302	0	302	15336
		33251	100	641	379	1020	703	1723		
Suðurland	Ríki	-	50		1746	814	2560	3685	6245	
	Reykjavík	84333	29,1	1490	0	0	1490	3493	4983	
	Önn.sv.félög	60525	20,9	0	0	1070	1070	0	1070	17662
		144858	100	3236	1884	5120	7178	12298		
Vesturland	Ríki	-	50		100	90	190	75	265	
	Akr.Borg.Myr	8042	29,5	112	0	0	112	33	145	
	Önn.sv.félög	5607	20,5	0	0	78	78	0	78	13911
		13649	100	212	168	380	108	488		
Vestfirðir	Ríki	-	50		398	0	398	298	696	
	Ísafjörður	3114	15,6	42	82	124	124	4	128	
	Önn.sv.félög	6869	34,4	0	274	274	274	0	274	39889
		9983	100	440	356	796	302	1098		
Austurland	Ríki	-	50		554	0	554	415	969	
	Sveitarfélög	11758	50	0	554	554	554	0	554	47117
		11758	100	554	554	1108	415	1523		
Allt landið	Ríki	-	50	50	3231	981	4212	4909	9121	
	Eig.eldri virk.	109048	25,5	23,0	1852	82	1934	3797	5731	
	Önn.sv.félög	104451	24,5	27,0	0	2278	2278	0	2278	21800
		213499	100	100	5083	3341	8424	8706	17130	

3. Reiðufjárframlag án mats. RA.

Sveitarfélög, sem ekki eiga orkuvinnslumannvirki, greiði í þess stað stofnframlög í reiðufé, en ekki fulla þá upphæð, sem ætti að vera, til að mæta stofnframlagi annarra sveitarfélaga í eignum. Hér er, nokkuð af handahófi, sett talan 7500,- kr. á íbúa, en það er minna en helmingur þess, er svarar framlögum í eignum. Eignar- aðildarskiptingin verði þó látin vera í hlutfalli við íbúatölu, en ríkið 50%.

Sjá ennfremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Reiðufjarframlag án mats"
Tillaga Ragnars Aðalsteinssonar 18.3.1975
Fjárhagslegt yfirlit

Mkr.

Landshluti	Eigendur	Íbúar Tala	Eign % hlft.	Fyrir stofnun		Eftir stofnun		Reiðufjár framl. (Mkr.)
				Bókfærð eign	Áhvíl. skuld	Bókf. eign	Áhvíl. skuld	
Norðurland	Ríki	-	50	869	436	746	351	395
	Akureyri-Sigluflj.	13559	20,4	475	267	304	143	161
	Önn. svfél.	19692	29,6	0	0	442	209	233
		33251	100	1344	703	1492	703	789
Suðurland	Ríki	-	50	5431	3685	5434	3589	1845
	Reykjavík	84333	29,1	4983	3493	3163	2089	1074
	Önnur svfél.	60525	20,9	0	0	2271	1500	771
		144858	100	10414	7178	10868	7178	3690
Vesturland	Ríki	-	50	175	75	181	54	137
	Akr. Borg. Mýr.	8042	29,5	145	33	107	32	75
	Önn. svfél.	5607	20,5	0	0	74	22	52
		13649	100	320	108	362	108	254
Vestfirðir	Ríki	-	50	696	298	397	151	246
	Ísafjörður	3114	15,6	46	4	124	47	77
	Önn. sv.fél.	6869	34,4	0	0	273	104	169
		9983	100	742	302	794	302	492
Austurland	Ríki	-	50	969	415	529	203	321
	Sveitarfél.	11758	50	47,8	0	528	207	321
		11758	100	969	415	1057	415	642
Allt landið	Ríki	-	50	50,2	8140	4909	4353	2934
	Eig.eldri virkj.	109048	25,5	25,4	5649	3797	3698	2311
	Önn. svfél.	104451	24,5	24,5	0	3588	2042	1546
		213499	100	13789	8706	14573	8706	5867

4. "Skuldayfirtökuaóferðin"

Þau sveitarfélög, sem ekki eiga orkuvinnslumannvirki og að nokkru ríkið, taka að sér að greiða úr sveitarsjóðum og ríkissjóði, samningsbundnar afborganir og vexti af þeim skuldum, sem á hinum eldri mannvirkjum hvíla. Þessu sé þannig fyrir komið og greiðslum og ábyrgð þannig skipt á sveitarfélögin og ríkið, að grundvöllur fái st fyrir eignaraóildarskiptingu sveitarfélaganna eftir íbúahlutfallinu, en helmingseign ríkis.

Skuldirnar, sem sveitarfélögin þannig tækju á sínar herðar, yrðu u.þ.b. 17000,- kr. á íbúa.

Sjá enn fremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Skuldayfirtökuaðferðin"
Fjárhagslegt yfirlit

750423-JG

Mkr.

Landshluti	Eigendur	Íbúar tala	Íb. hlft.	Eign hlft.	Fyrir stofnun		Eftir stofnun		Reiðufj.fr.l. ríkisins Mkr.	Skuldar- yfirtaka kr/íbúa
					Bókf. eign	Áhvíl. skuld	Bókf. eign	Áhvíl. skuld		
Norurland	Ríki	-	50	50	869	436	711	201	510	77
	Ak. + Sigl.	13559	20,4	20,4	475	267	290	82	208	
	Önnur svfél.	19692	29,6	29,6	0	0	420	118	302	15336
		33251	100,0		1344	703	1421	401	1020	77
Suðurland	Ríki	-	50	50	5431	3685	5614	3054	2560	814
	Reykjavík	84333	29,1	29,1	4983	3493	3267	1777	1490	
	Önnur svfél.	60525	20,9	20,9	0	0	2347	1277	1070	17679
		144858	100,0		10414	7178	11228	6108	5120	814
Vesturland	Ríki	-	50	50	175	75	205	15	190	90
	Akr.Borg.Mýr.	8042	29,5	29,5	145	33	121	9	112	
	Önnur svfél.	5607	20,5	20,5	0	0	84	6	78	13911
		13649			108	108	410	30	380	90
Vestfirðir	Ríki	-	50	50	696	298	340	0	340	58
	Ísafjörður	3114	15,6	15,6	46	4	110	4	106	20552
	Önnur svfél.	6869	34,4	34,4	0	0	234	0	234	34066
		9983	100		742	302	684	4	680	58
Austurland	Ríki	-	50	50	969	415	415	0	415	139
	Sveitarfél.	11758	50	50	0	0	415	0	415	35295
		11758	100	100	969	415	830	0	830	139
Allt landið	Ríki	-	50	50	8140	4909	7285	3270	4015	981/÷ 197
	Eig.eldri v.	109048	25,5	23,9	5649	3797	3788	1872	1916	
	Önnur svf.	104451	24,5	26,1	0	0	3500	1401	2099	
		213499	100,0		13789	8706	14573	6543	8030	784

5. "Eignasöluaðferðin"

Ríkið og þau sveitarfélög, sem eiga raforkuvinnslufyrirtæki, selja hinum sveitarfélögum hluta af orkuvinnslumannvirkjum sínum til þess að leggja sem stofnframlag til landshlutafyrirtækjanna.

Þetta virðist tiltölulega auðvelt að gera í þeim hlutföllum, að stofnframlag allra sveitarfélaga verði í hlutfalli við íbúatölu, og ríkisins 50%, nema á Vestfjörðum og Austurlandi, þar sem ríkið á næstum allar raforkuvinnslueignirnar. Þar er erfitt að komast hjá því að láta ríkið eiga til muna meira en helming. Á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi virðast sveitarfélögin ekki þurfa að verja nema 8000,- - 11000,- krónum á íbúa til kaupanna til þess að ná íbúahlutfallinu í eignaraðild, en á Vestfjörðum og Austfjörðum yrði greiðslubyrðin 22000,- - 26000,- kr/íbúa.

~~Með "eignasöluaðferðinni" yrði óbeinlínis rúmlega einn milljarður króna af eigin fé, dreginn út úr raforkuvinnslunum.~~

Sjá ennfremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Eignasöluáferðin"
Fjárhagslegt yfirlið.

Mkr.

Landshluti	Eigendur	Íbúar 1973 tala des 73	Eign hlutf. %	Fyrir stofnun		Eftir stofnun		Verslun með eldri mannv. Seld keypt íbúa	Kaup kr/ íbúa
				Bókf. eign	Áhvil. skuld	Skuldl. eign	skuldl. eign		
Norðurland	Ríki	-	50	869	436	433	320	113	
	Akureyri-Sigl.	13559	20,4	475	267	208	131	77	
	Önn. svfél.	19692	29,6	0	0	0	190	190	9648
		33251	100	1344	703	641	641	190	190
Suðurland	Ríki	-	50	5431	3685	1746	1618	128	
	Reykjavík	84333	29,1	4983	3493	1490	942	548	
	Önn. svfél.	60525	20,9	0	0	0	676	676	11169
		144858	100	10414	7178	3236	3236	676	676
Vesturland	Ríki	-	50	175	75	100	106	6	
	Akr.Borg.Mýr.	8042	29,5	145	33	112	63	49	
	Önn. sveitf.	5607	20,5	0	0	0	43	43	7669
		13649	100	320	108	212	212	49	49
Vestfirðir	Ríki	-	50	696	298	398	220	178	
	Ísafjörður	3114	15,6	46	4	42	69	27	8670
	Önnur svfél.	6869	34,4	0	0	0	151	151	21983
		9983	100	742	302	440	440	178	178
Austurland	Ríki	-	50	969	415	554	277	277	
	Sveitarfél.	11758	50	0	0	0	277	277	23558
		11758	100	969	415	554	554	277	277
Allt landið	Ríki	-	50	8140	4909	3231	2541	6	
	Eig. eldri v.	109048	25,5	5649	3797	1852	1205	27	
	Önn. svfél.	104451	24,5	0	0	0	1337	1337	12800
		213499	100	13789	8706	5083	5083	1370	1370

6. "Óbundin eignarhlutföll"

Ef við höfum frjálsar hendur um eignaraðildarhlutföllin að landshluta-orkuvinnslufyrirtækjunum, er um ótalda möguleika að velja, þar á meðal þann, að núverandi eigendur orkuvinnslumannvirkja í hverjum landshluta myndi með sér sameignarfélag um núverandi orkuvinnslumannvirki sín og fái þann einkarétt, sem talað er um, til raforkuvinnslu í landshlutanum héðan í frá. En þau sveitarfélög, 202 að tölu, sem ekki eiga orkuvinnslumannvirki nú, standi áfram (um alla framtíð) utan beinnar þátttöku í orkuvinnslufyrirtækjum.

En þetta er vitanlega fjarlægt þeim hugmyndum, sem liggja að baki tillögum fleir en eins þingsflokks um endurskipulagningu raforkumálanna.

Og hvaða hlutföll eiga þá að verða fyrir valinu?

Hér verður aðeins nefnt það dæmi, að sveitarfélögin, sem ekki eiga mannvirki, leggi fram sem stofnframlag til landshluta-fyrirtækisins 7500,00 kr. á hvern íbúa reiknað, en að sveitarfélög, sem orkuvinnslumannvirki eiga, leggi þau öll inn sem stofnframlag, svo og ríkið sé helmingseigandi að landshluta-fyrirtækjunum eða meira. Framlagið 7.500,- kr. á íbúa er hér valið nokkuð af handahófi.

Í þessu dæmi verða eignarhlutföllin misjafnlega frábrugðin "íbúahlutfalli" í ýmsum landshlutum, eins og fjárhagslega yfirlitið sýnir. Á Vestfjörðum og á Austurlandi verður eignaraðild ríkisins 80-86%.

Sjá enn fremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Óbundin eignarhlutföll"

Fjárhagsskipti yfirlit

Landshlutar	Eigendur	Íbúar tala	Eign % hlutf.	Fyrir stofnun		Eftir stofnun		Reiðufjár- framlag				
				Bókf. eign	Áhvíl skuldir	Bókf. eign	Áhvíl. skuldir	Mkr.	Kr/mann			
Norðurland	Ríki	-	50	54,9	869	436	433	869	436	433	0	0
	Akure.-Sígl.	13559	20,4	26,4	475	267	208	475	267	208	0	0
	Önn. svfél.	19692	29,6	18,7	0	0	0	148	0	148	148	7500
		33251	100	100	1344	703	641	1492	703	789	148	
Suðurland	Ríki	-	50	50	5431	3685	1746	5629	3685	1944	198	198
	Reykjavík	84333	29,1	38,3	4983	3493	1490	4983	3493	1490	0	0
	Önn. svfél.	60525	20,9	11,7	0	0	0	454	0	454	454	7500
		144858	100	100	10414	7178	3236	11066	7178	3888	652	
Vesturland	Ríki	-	50	50	175	75	100	229	75	154	54	54
	Akr. Borg. Mýr.	8042	29,5	36,4	145	33	112	145	33	112	0	0
	Önn. svfél.	5607	20,5	13,6	0	0	0	42	0	42	42	7500
		13649	100	100	320	108	212	416	108	308	96	
Vestfirðir	Ríki	-	50	80,9	696	298	398	696	298	398	0	0
	Ísafjörður	3114	15,6	8,5	46	4	42	46	4	42	0	0
	Önn. svfél.	6869	34,4	10,6	0	0	0	52	0	52	52	7500
		9983	100	100	742	302	440	794	302	492	52	
Austurland	Ríki	-	50	86,3	969	414	554	969	415	554	0	0
	Sveitarf.	11758	50	13,7	0	0	0	88	0	88	88	7500
		11758	100	100	969	415	554	1057	415	642	88	
Allt landið	Ríki	-	50	56,9	8140	4909	3231	8392	4909	3483	252	252
	Eig.eldri v.	109048	25,5	30,3	5649	3797	1852	5649	3797	1852	0	0
	Önn. sv.f.	104451	24,5	12,8	0	0	0	784	0	784	784	7500
		213499	100	100	13789	8706	5083	14825	8706	6119	1036	

7. "Eldri virkjunarfyrirtæki lifi áfram".

Hér er gert ráð fyrir því, að fyrirfram sé ákveðið, hve hátt stofnframlag sveitarfélaganna skuli vera á hvern íbúa, hið sama alls staðar og til dæmis talið, að það væri ákveðið ca. 8500,- kr/íbúa. Þau sveitarfélög, sem raforkuvinnslumannvirki eiga, leggi fram af skuldlausri eign sinni í þeim sem svarar 8500,- kr/íbúa, en hin sveitarfélögin leggi sitt fram í reiðufé. Með þessum stofnframlögum yrði þá landshluta-fyrirtækið stofnað og eignaraðildarskiptingin í því yrði í réttu hlutfalli við íbúatölur, en eignarhluti ríkisins 50%.

Þegar hér er komið sögu, eru landshluta-fyrirtækin orðin eigendur að hinum eldri orkuvinnslufyrirtækjum að 65-80% á Suður-, Vestur- og Norðurlandi, en 20-35% á Vestfjörðum og Austurlandi.

Og hugmyndin er þá, að hin eldri fyrirtæki fengju að lifa og starfa áfram eftir nánari lagaákvæðum, reglum og samkomulagi sem sameign landshluta-fyrirtækis og hinna eldri eigenda, en með landshluta-fyrirtækið sem aðaleiganda.

Ekki hefur nánar verið athugað, hvernig þessum rekstri yrði háttað, en einfaldast yrði að landshluta-fyrirtækin tækju mannvirki hinna eldri fyrirtækja á leigu^{og} hefðu ein með höndum raforkuvinnslu hvert í sínum landshluta.

Annað tilbrigði af þessari aðferð hefur verið athugað og fengið nafnið "Rekstraryfirtökuaðferðin". Nánari grein er gerð fyrir henni undir því nafni hér á eftir.

Sjá enn fremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Eldri virkjunarfyrirt. lifi áfram".

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.						
			Íbúa- tala	Eign hlft.	Landshl. fyrirtæki	Inn- eignir	Inn- lagt	Inn- reiðufé	Samt. skuldl.	Áhvíl- andi	Bók- færð	Reiðu- fjár	Reiðu- greiðsla			Hin eldri fyrirt.eft.sfn.	Skuld- laus	Áhvílandi skuldir	Bókf. eign	Mkr.	
			Mkr.	Mkr.	Mkr.	% Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	kr./íbúa								
Norðurland																					
Ríki			50	50	0	277	277	0	277	0	277	0	277	0	277	Ríki	61	366	427		
Ak.-Sigl.	13232		20	20	0	112	112	0	112	0	112	0	112	0	112	Eig.e.v. samt.	116	277	393		
Önn.sv.fél.	19415		30	30	0	0	165	165	165	0	165	0	165	0	165	Norðlv. samt.	389	643	820		
	32647		0	0	0	389	165	165	554	0	554	0	554	0	554		566	643	1209		
Suðurland																					
Ríki			50	50	0	1217	1217	0	1217	0	1217	0	1217	0	1217	Ríki	273	3494	3767		
Reykjavík	83977		30	30	0	713	713	0	713	0	713	0	713	0	713	Rvík samt.	777	3494	4271		
Önn.sv.fél.	59352		20	20	0	0	504	504	504	0	504	0	504	0	504	Suðurlv. samt.	1050	6988	8038		
	143329		0	0	0	1930	504	504	2434	0	2434	0	2434	0	2434		1930	0	1930		
Vesturland																					
Ríki			50	50	0	60	60	53	113	0	113	0	113	0	113	Ríki	0	37	37		
Akr.Borgs.Mýrs.	7963		30	30	0	67	67	46	67	0	67	0	67	0	67	A.B.M. samt.	35	23	58		
Önn.sv.fél.	5439		20	20	0	0	46	46	46	0	46	0	46	0	46	V-landsv. samt.	127	60	95		
	13402		0	0	0	127	99	99	226	0	226	0	226	0	226		162	60	222		
Vestfirðir																					
Ríki			50	50	0	84	84	2	84	0	84	0	84	0	84	Ríki	222	172	394		
Ísafjörður	3061		15	15	0	24	24	58	26	0	26	0	26	0	26	Ísafj. samt.	0	2	2		
Önn.sv.fél.	6864		30	30	0	0	58	58	58	0	58	0	58	0	58	V.fj.v. samt.	222	174	396		
	9925		0	0	0	108	60	60	168	0	168	0	168	0	168		108	0	108		

(frh.)

"Eldri virkjunarfyrirt. lífi áfra

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.		
<u>usturland</u>																	
Ríki	50	50	50	0	0	98		98	0	98	0	98		Ríki	359	257	616
Sveitarfél.	11472	50	50	0	0	0	98	98	98	98	0	98	8542	Sveit fél.	0	0	0
	11472													Samt.	359	257	616
														A.l.virkj.	98	0	98
														Samt.	457	257	714
<u>llt landið</u>														Ríki	915	4325	5240
Ríki	50	50	0	1736	0	1789	53	1789	0	1789	0	1789		Eig.e.v.	928	3795	4723
ig.e.virkja	108233	26	26	0	916	0	2	918	0	918	0	918		Samt.	1843	8120	9963
Önn.sv.fél.	102542	24	24	0	0	0	871	871	0	871	0	871	8494	Landshlft.	2652	0	2652
	210775													Samt.	4495	8120	12615

Hin eldri virkjunarfyrirtæki eftir stofnun landshlutafyrirtækjanna

Skuldlaus eign í Mkr.	Laxár- virkjun	Skeiðs- foss	Lands- virkjun	Anda- kilsár.	Anda- virkjun	Ísa- fjórður	Rafm.veit. ríkisins	Sam- tals
Ríkið	61	0	273	0	0	0	581	915
Aðrir eig.eldri virkj.	96	20	777	35	0	0	0	928
Samt.:	157	20	1050	35	0	0	581	1843
Landshlutavirkj.	225	17	1930	67	24	24	389	2652
Samt.	382	37	2980	102	24	24	970	4495

8. "Skattlagningaraðferðin". (JBj.).

- (1) Við stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna sé þeim lagt fullt stofnframlag í reiðufé til móts við framlög í eignum af hálfu eigenda eldri virkja í hlutfalli við íbúatölu (samt. 2292 MKr. fyrir allt landið).
- (2) Fjár til þessa verði aflað með láni eða lánum, teknum til langs tíma og (að sjálfsögðu) með bestu kjörum, sem fánleg eru.
- (3) Þess fjár, sem með þarf til að standa straum af vöxtum og afborgunum af þessu láni, verði aflað með skatti á sölu raforku til almenningsparfa í smásölu.
- (4) En hugmyndin er, að sá skattur, sem á er lagður samkvæmt lið (3) verði innheimtur um allt land og ekki bara hjá íbúum þeirra sveitarfélaga, sem ekki hafa lagt fram eignir (orkuvinnslumannvirki). Að þeirri hugmynd eru færð þau rök, er nú skal greina.

Nokkur rök að "skattlagningaraðferðinni".

1. Með stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna er verið að bæta úr því mikla misræmi, sem ríkir í dag í raforkuvinnslunni, þar sem yfir 90% allrar orkunnar er unnin í orkuverum, sem Reykjavík og Akureyri eiga að hálfu á móti ríkinu, en 202 af 224 sveitarfélögum landsins eiga enga beina aðild að orkuvinnslu. Það er sanngirnismál, að úr því misræmi verði bätt.
2. Með skipulagsbreytingunni er verið að stofna til stærri eininga og hagkvæmari rekstrar, sem þjóðin öll mun hafa hag af, og því ekki sanngjarnt, að íbúar þeirra byggða, sem nú hafa enga eignaraðild að orkuvinnslunni, beri einir fjrhagslegan bagga af skipulagsbreytingunni.
3. Reykjavík og Akureyri hafa að vísu á sínum tíma sýnt lofsvert framtak í raforkumálum, en þó er þar á vissan hátt um sögulega tilviljun að ræða og báðir kaupstaðirnir lögðu upphaflega í framkvæmdir sínar í eiginhagsmunaskyni með aðstoð ríkisins.

Sú aðstoð ríkisins, auk síðari viðskipta orkuveranna við íbúa annarra sveitarfélaga, hefur ráðið miklu um þá eignamyndun Reykjavíkur og Akureyrar í raforkuvinnslumannvirkjum, sem átt hafa sér stað.

4. Það er kostur við "skattlagningaraðferðina", ~~en~~ fram yfir sumar aðrar aðferðir, sem til orða hafa komið, að hún felur í sér beina fjármagnsútvegum til þeirra vatnsafls og jarðhitavirkjana, sem nú eru í byggingu, með þeim lántökum, sem aðferðin gerir ráð fyrir.
5. Ókostur við "skattlagningaraðferðina" verður það hins vegar að teljast, að sérstakur skattur yrði um margra ára skeið lagður á smásölurafmagn til almenningsnota, að vísu væntanlega hækkaði ár frá ári, en þó tilfærður á hverjum rafmagnsreikningi. Hætt er við, að rafmagnsnotendur myndu gera sér rangar hugmyndir um þennan skatt og telja sig vera að greiða í honum kostnað af endurskipulagningunni, en það væri að sjálfsögðu misskilninu. Ef ekkert verður úr endurskipulagningu og núverandi orkuvinnslufyrirtæki halda áfram að framleiða allt rafmagn eins og hingað til, verða þau að taka þessi lán, sem verið er að greiða niður með skattinum, og verða þá að hækka rafmagnsverðið, sem skattinum nemur til að standa straum af lánunum. - Fela mætti skattinn inni í rafmagnsverðinu svo minna bæri á honum, en þó er rétt að aðgæta, hvort ekki væri unnt að komast hjá honum með öllu.

~~Sjá ennfremur eftirfarandi fjárhagsleg yfirlit.~~

Sjá ennfremur eftirfarandi fjárhagslegt yfirlit.

"Skattlagningaraðferðin"
 yfirlitstafla fyrir allt landið.
 Fjárhagsleg skýring

Landshluti	Eigendur	Íbúar tala	%	Eign. hlutf	Bókf. eign MKr.	Áhvíl. skuldir MKr.	Skuldl. eign MKr.	Skuldl. eign eftir stofn. MKr.	Reiðufjár framlag MKr.	Bókf. eign eft. stofn	Reiðufjár framlag kr./mann
Norðurland	Ríki	-	50	50	869	436	433	510	77	946	
	Akureyri-Sigluf.	13559	20,4	20,4	475	267	208	208	0	475	
	Önnur sveitarfj.	19692	29,6	29,6	0	0	0	302	302	302	15336
		33251	100		1344	703	641	1020	379	1723	
Suðurland	Ríki	-	50	50	5431	3685	1746	2560	814	6245	
	Reykjavík	84333	29,1	29,1	4983	3493	1490	1490	0	4983	
	Önnur sveitarfj.	60525	20,9	20,9	0	0	0	1070	1070	1070	17679
		144858	100		10414	7178	3236	5120	1884	12298	
Vesturland	Ríki	-	50	50	175	75	100	190	90	265	
	Akr. Borg. Mýr	8042	29,5	29,5	145	33	112	112	0	145	
	Önnur sveitarfj.	5607	20,5	20,5	0	0	0	78	78	78	13911
		13649	100		320	108	212	380	168	488	
Vestfirðir	Ríki	-	50	50	696	298	398	398	0	696	
	Ísafjörður	3114	15,6	15,6	46	4	42	124	82	128	
	Önnur sveitarfj.	6869	34,4	34,4	0	0	0	274	274	274	39890
		9983	100		742	302	440	796	356	1098	
Austurland	Ríki	-	50	50	969	415	554	554	0	969	
	Sveitarfél.	11758	50	50	0	0	0	554	554	554	47117
		11758			969	415	554	1108	554	1523	
Allt landið	Ríki	-	50	50	8140	4909	3231	4212	981	9121	
	Eig. eldri virkja	109048	25,5	22,9	5649	3797	1852	1934	82	5731	
	Önnur sveitarfj.	104451	24,5	27,1	0	0	0	2278	2278	2278	21809
		213499			13789	8706	5083	8424	3341	17130	

9. "Rekstraryfirtökuaðferðin"

Hið sérstaka í þessari hugmynd er, að landshlutaorkuvinnslufyrirtækin verði stofnuð án sérstaks stofnframlags stofnenda, en fá í hendur orkuvinnslumannvirkin, sem nú eru í smíðum í hverjum landshluta, afhent samkvæmt byggingarreikningi með áhvílandi skuldum. Eignarhlidarhlutföllin í landshlutaafyrirtækinu, og þar með talin hin afhentu mannvirki í smíðum, verði: ríkið 50%, en sveitarfélögin eftir íbúahlutfallinu.

Hins vegar verði raforkuvinnslumannvirki og aðalorkuflutningslínur ásamt tilheyrandi öðrum eignum nú í rekstri í hverjum landshluta áfram eign núverandi eiganda, en falin landshlutaorkuvinnslufyrirtækinu til rekstrar sem hluti heildarrekstrar þess í fullum samrekstri við þess eigin mannvirki. Efnahagsreikningur sé haldinn yfir þessi mannvirki, en ekki sérstakt bókhald um rekstrargjöld þeirra og rekstrartekjur. Vergur hagnaður (hreinn rekstrarafgangur) heildarrekstrar landshlutaafyrirtækisins deilist á þessi mannvirki annars vegar og mannvirki landshlutaafyrirtækisins hins vegar í hlutfalli við verga eign (verð eign = endurmetinn stofnkostnaður ÷ endurmetin fyrning).

Að öðru leyti vísast til fylgiskjals **VII**

UMRÆÐUGRUNDVÖLLUR

15. 3. 1974

1. gr. Ríkissjóður, sýslufélög og kaupstaðir á Norðurlandi, sbr.
5. gr., stofni sameignarfélag, er hafi á hendi vinnslu raforku og rekstur aðalorkuflutningslína á Norðurlandi.
2. gr. Sameignarfélagið nefnist Norðurlandsvirkjun og hafi lögheimili og varnarþing á Akureyri.
3. gr. Starfssvæði Norðurlandsvirkjunar skal taka yfir Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og þá kaupstaði, sem eru á því landssvæði. Heimilt er að stækka starfssvæðið síðar, ef hentugt þykir.
4. gr. Norðurlandsvirkjun taki við þeim raforkuverum, aðalorkuflutningalínunum og öðrum eignum stofnaðila á starfssvæðinu, sem nánar eru tilgreind í skrá, er samin verður um þær eignir. Norðurlandsvirkjun fái einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæðinu, með þeim takmörkum er greinir í 7. gr. Orkulaga.
5. gr. Norðurlandsvirkjun verði sameignarfyrirtæki með 2.000 hlutum, hver að verðmæti kr. 500.000,-.

Réttur til að kaupa hlutina skiptist þannig:

1.	Ríkissjóður	fái	rétt	til	að	kaupa	800	hluti
2.	Akureyri	"	"	"	"	"	510	"
3.	Siglufjörður	"	"	"	"	"	160	"
4.	Eyjafjarðarsýsla	"	"	"	"	"	110 ⁷⁸	"
5.	Þingeyjarsýsla	"	"	"	"	"	85	"
6.	Skagafjarðarsýsla	"	"	"	"	"	65	"
7.	A.-Húnavatnssýsla	"	"	"	"	"	65	"
8.	Húsavík	"	"	"	"	"	55	"
9.	N.-Þingeyjarsýsla	"	"	"	"	"	45	"
10.	Sauðárkrókur	"	"	"	"	"	45	"
11.	V.-Húnavatnssýsla	"	"	"	"	"	35	"
12.	^{Þalvík} Ólafsfjörður	"	"	"	"	"	32 ²⁵	"

2000

Þeir aðiljar, sem um ræðir í 1.-3. tl. 2. mgr. þessarar greinar, skuldbinda sig til að kaupa þá hluti, sem þar getur.

Aðiljar þeir, sem um ræðir í 4.-12. tl. 2. mgr. þessarar greinar, skulu segja til um það innan 4 vikna frá gerð samkomulags þessa, hvort þeir vilja kaupa þá hluti, er þar greinir. Nú óska þessir aðiljar ekki eftir að kaupa hluti, eða eigi í svo ríkum mæli, sem gert er ráð fyrir hér að framan, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt til að kaupa þá hluti, er afgangsverða, allt að 200 hlutum. Óski ríkissjóður ekki eftir að kaupa hluti þessa eða afgangshlutir séu fleiri en 200, skulu eignaraðiljar þeir, er um getur í 2. og 3. tl. eiga forkaupsrétt að þeim hlutum í sem næstu hlutfalli við hlutaeign sína.

Fjölgun hluta fram yfir 2000 skal háð samþykki eignaraðilja að 2/3 hlutum allra hlutanna. Sama gildir, ef fjölga skal eignaraðiljum. Eignaraðilja er óheimilt að selja hluti, nema með samþykki eignaraðilja að 2/3 hluta allra hlutanna.

6. gr. Hlutir skulu greiddir með verðmætum þeim, sem greinir í 4. gr., sbr. 13. gr. eða reiðufé. Eignaraðiljar þeir, sem um ræðir í 4.-12. tl. 2. mgr. 5. gr. skulu innan sex vikna frá því að þeir hafa tilkynnt, að þeir vilji kaupa hluti, greiða helming verðs þeirra, en eftirstöðvarnar innan tólf vikna frá nefndu tímamarki. Ef einhver eignaraðilja þessara stendur ekki við skuldbindingar sínar að þessu leyti, skal brott falla kaupréttur hans. Skal honum þá endurgreitt án vaxta það fé, er hann kann að hafa greitt, en um hluti þá, er hann vildi kaupa, fer samkvæmt ákvæðum 5. mgr., 5. gr.

Nú leggur eignaraðili, samkv. 1.-3. tl. 2. mgr. 5. gr., fram meiri verðmæti en svara til hlutum hans, og skal Norðurlandsvirkjun þá endurgreiða honum muninn.

7. gr. Halda skal aðalfund einu sinni á ári. Skal hver eignaraðili eiga einn fulltrúa hið minnsta. Þeir, sem eiga yfir 4%, en undir 10% heildarhlutafjölda, skulu eiga 2 fulltrúa. Þeir, sem eiga yfir 10%, en undir 20%, skulu eiga 3 fulltrúa. Ríkissjóður skal eiga 5 fulltrúa.
8. gr. Hverjum hlut fylgir eitt atkvæði á aðalfundi.
9. gr. Stjórn Norðurlandsvirkjunar skipi 9 menn. Ríkissjóður skipi fjóra stjórnarmenn og fjóra til vara til fjögurra ára. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi með hlutfallskosingu af þeim eignaraðilum, sem um ræðir í 2.-12. tl. 2. mgr. 5 tl. Menn þessir skulu kosnir til fjögurra ára. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Verði þessir átta stjórnarmenn sammála, skulu þeir velja níunda manninn, sem verður formaður, einnig til fjögurra ára. Ef ekki næst samkomulag um formann og varamann hans, skulu þeir skipaðir af Hæstarétti, eftir sömu reglum.
10. gr. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.
11. gr. Ríkissjóður velur einn endurskoðanda til fjögurra ára og eignaraðilar þeir, sem um getur í 2.-12. tl. 2. mgr. 5. gr. kjósa á aðalfundi einn endurskoðanda til fjögurra ára.
12. gr. Stjórnin skal leggja fyrir aðalfund reikninga síðastliðins árs, skýrslu um starfsemina á því ári og áætlun um framkvæmdir og starfsemi í framtíðinni.
13. gr. Verðmæti mannvirkja þeirra og eignarréttinda, sem um ræðir í upphafi 4. gr., skal ákveðið með samkomulagi núverandi eigenda, svo og hvaða skuldir skuli fylgja þeim og yfirtakast af sameignarfélaginu. Náist ekki samkomulag um mat verðmætanna, skal það ákveðið af matsnefnd, sem Hæstiréttur skipar.
14. gr. Sameigendur beri einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar krafði um framlag frá eigendum skal það skiptast á þá í samræmi við eignarhlutföll.

um Norðurlandsvirkjun.

1. Ríkissjóður og sveitarfélög á Norðurlandi stofni sameignarfélag er hafi á hendi vinnslu raforku og rekstur aðalorkuflutningslína á Norðurlandi.
2. Sameignarfélagið nefnist Norðurlandsvirkjun og hefur lögheimili og varnarþing á Akureyri.
3. Starfssvæði Norðurlandsvirkjunar er Norðlendingafjórðungur. Heimilt er að stækka starfssvæðið, ef hentugt þykir.
4. Norðurlandsvirkjun hafi einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæði sínu. Heimilt er þó einstaklingum að reisa eða reka raforkuver til einkanota, minni en 200 kw. Þá er einstaklingum heimilt að reisa og reka varaafllsstöðvar allt að 1000 kw.
5. Ríkissjóður skal, áður en gengið hefur verið frá stofnun félags um Norðurlandsvirkjun, hafa neytt heimildar í lögum um Laxárvirkjun, um að tryggja sér helmingseignarrétt í Laxárvirkjun. Jafnframt skal ríkisstjórnin hafa tryggt ríkissjóði með lagaheimild helmingseignarréttar í Skeiðsfossvirkjun og færi um þá eignayfirtöku samkvæmt lögum um Laxárvirkjun.
6. Eftir að ríkissjóður hefur yfirtekið helming eignarréttar í Laxár- og Skeiðsfossvirkjunum, skal Norðurlandsvirkjun gera samning við Akureyrarkaupstað um yfirtöku eignarréttar bæjarins í Laxárvirkjun, jafnframt gera samninga við Siglufjarðarkaupstað um yfirtöku á eignarrétti kaupstaðarins í Skeiðsfossvirkjun. Um yfirtöku þessara eigna fer eftir ákvæði 1. greinar laga um Laxárvirkjun. Norðurlandsvirkjun má greiða fyrir eignir að frádregnum skuldum með skuldabréfum til 25 ára, sem greiðist með jöfnum afborgunum.
7. Þegar lokið er eignayfirfærslu sbr. 6. lið skal, Norðurlandsvirkjun gera samning til 10 ára við Akureyrarkaupstað um rekstur Laxárvirkjunar, Eignir við Siglufjarðarkaupstað um rekstur Skeiðsfossvirkjunar. Samningar þessir skulu kveða á um stjórnarfyrikomulag, valdsvið stjórnar og rekstrarfyrikomulag. Stjórnarmenn skulu vera fimm og skulu þrjú kosnir af viðkomandi bæjarstjórn, en tveir af fulltrúaráði Norðurlandsvirkjunar. Formaður skal kosinn úr hópi heimakjörinna stjórnarmanna. Heimilt er stjórninni að fela Rafveitu Akureyrar rekstur Laxárvirkjunar og jafnframt Rafveitu Siglufjarðar rekstur Skeiðsfossvirkjunar.
8. Norðurlandsvirkjun tekur við orkuverum, aðalorkuflutningslínum og öðrum eignum ríkisins á starfssvæðinu, samkvæmt eignaskrá, sem stjórn Norðurlandsvirkjunar samþykkir. Jafnframt yfirtekur Norðurlandsvirkjun eignahluti ríkissjóðs í Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun. Heimilt er Norðurlandsvirkjun að greiða ríkissjóði eignirnar með yfirtöku skuldbindinga. Eftirstöðvar eignanna greiðist með skuldabréfum til 25 ára og jöfnum afborgunum.
9. Norðurlandsvirkjun er sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi. Sameignin skal skiftast að jöfnu milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna á Norðurlandi hins vegar. Sameignaraðilar myndi stofnsjóð í fyrirtækinu. Stofnframlög skulu skiftast þannig, að ríkissjóður greiði kr. 50 milljónir í stofnsjóðinn og sveitarfélögin jafnháa fjárhæð er skiftist á milli þeirra eftir íbúafjölda. Árlega skal lagt í stofnsjóð 1% af heildsöluverði rafmagns á starfssvæðinu, sem greiðist í stofnfjárreikninga sveitarfélaganna í hlut-

falli við íbúafjölda. Ríkissjóður skal greiða í stofnsjóðinn jafnháa fjárhæð og nemur samanlögðu framlagi sveitarfélaganna í stofnsjóðsreikninga.

10. Ríkissjóður fer með 10.000 atkvæði í félaginu. Sveitarfélög á Norðurlandi fara með 10.000 atkvæði, sem skulu skiftast á milli þeirra eftir íbúafjölda.
11. Hvert sveitarfélag kýs eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar kjörmenn í samræmi við atkvæðarétt sinn, á sérstakar kjörmannasamkomur. Hver þeirra kýs úr sínum hópi fulltrúa í fulltrúaráð Norðurlandsvirkjunar einn mann í stjórn Norðurlandsvirkjunar. Starfssvæði Norðurlandsvirkjunar skiftist í fimm kjörmannasvæði og jafnmargar kjörmannasamkomur. Skifting í kjörmannasvæði er sem hér segir: Húnasvæði, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagasvæði, sem nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað, Eyjafjarðarsvæði, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu og Ólafsfjarðarkaupstað, Akureyrarsvæði, sem nær yfir Akureyrarkaupstað, og Þingeyjarsvæði, sem nær yfir Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað. Bæjarstjórn Akureyrar fer með kjörmannaumboð fyrir Akureyrarsvæði og annast störf kjörmannasamkomu.
12. Fulltrúar sveitarfélaga á kjörmannasamkomu kjósa 20 fulltrúa í fulltrúaráðið. Hver kjörmannasamkoma kýs hið fæsta tvo fulltrúa og hið mesta sex fulltrúa. Skifting fulltrúa á milli kjörsvæða fer að öðru leyti eftir íbúahlutfalli samkv. þjóðskrá 1. des næsta árs á undan. Eftir hverjar Alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallakosningu jafnmarga fulltrúa og skulu þeir vera búsettir á starfssvæði Norðurlandsvirkjunar. Fulltrúaráðið kýs á fyrsta reglulegum fundi eftir sveitarstjórnarkosningar formann ráðsins úr hópi annarra en þeirra, sem eiga sæti í fulltrúaráðinu. Formaðurinn er jafnframt formaður stjórnar Norðurlandsvirkjunar og framkvæmdaráðs. Skal hann vera búsettur á starfssvæðinu.
13. Fulltrúaráðið heldur aðalfund árlega og fundi oftár, þegar þurfa þykir, formaður boðar fundi. Á aðalfundi skulu lagðir fram ársreikningar, fjárhagsáætlanir, skýrsla stjórnar og meiri háttar ákvarðanir. Aðalfundur kýs endurskoðendur reikninga. Skylt er að kalla saman aukafund, ef 1/3 stjórnar óskar þess eða fulltrúar eins kjörsvæðis bera fram þá ósk.
14. Stjórn Norðurlandsvirkjunar skal skipuð ellefu mönnum og jafnmörgum til vara. Formaður fulltrúaráðsins er jafnframt formaður stjórnarinnar. Fimm skulu kosnir af fulltrúum sveitarfélaga á kjörmannasamkomum sem kjósa einn mann í stjórn og annan til vara. Ráðherra orkumála skipar fimm menn í stjórnina og jafnmarga til vara. Stjórnin fer með vald í málefnum Norðurlandsvirkjunar á milli fulltrúaráðsfunda. Skylt er stjórninni að leita staðfestingar fulltrúaráðsins á ákvörðunum um fjárfestinga og um stærri fjárhagslegum skuldbindingum. Stjórnarfundir verði a.m.k. sex á hverju aðalfundarári.
15. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn Norðurlandsvirkjunar.
16. Stjórnin kýs framkvæmdaráð til eins árs í senn til þess að annast framkvæmd málefna Norðurlandsvirkjunar, ásamt framkvæmdastjóra. Framkvæmdaráð skal skipað þannig, formaður stjórnar er jafnframt formaður framkvæmdaráðsins. Einn ráðsmanna er kosinn úr hópi stjórnarmanna sveitarfélaga og hinn úr hópi stjórnskipaðra stjórnarmanna. Framkvæmdaráðsmaður

getur skotið ákvörðun þess fyrir stjórnarfund og skulu þær ekki taka gildi fyrr en stjórnin hefur tekið afstöðu. Framkvæmdaráð heldur fundi a.m.k. einu sinni í mánuði.

17. Stjórn Norðurlandsvirkjunar fer með gjaldskrármál og álagsstjórn á orkusvæðinu.
18. Sameignaraðilar beri einfalda ábyrgð óskiftu gagvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiftist ábyrgð samkvæmt stofnsjóðseign.

Minnisgreinar Ragnars Aðalsteinssonar á fundi á Akureyri 10.5. 1974 um Norðurlandsvirkjun.

Fundur haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Norðlendinga að Glerárgötu 24 á Akureyri. Mættir voru af hálfu iðnaðarráðuneytisins Jakob Gíslason og Ragnar Aðalsteinsson, en af hálfu Norðlendinga Brynjólfur Sveinbjarnarson, oddviti, Hvammstanga, Valur Arnþórsson, Akureyri og Haukur Harðarson, Húsavík. Fundur var settur kl. 10.30.

Jakob Gíslason hóf umræðurnar og fór yfir "sérstök umræðuatriði" nr. 1-8, sem hann hefur gert og dags. eru 6.5. 1974.

Haukur spurði hvort 50% eignarhlutdeild ríkis væri óvæfengjanleg. J.G. taldi sig ekki hafa umboð til að lýsa því yfir að þar væri um endanlega afstöðu að ræða og Ragnar taldi þar um stefnumarkandi atriði að ræða.

Brynjólfur spurði hvort hugsanlegt væri, að markaðurinn væri eignaraðili að virkjununum vegna viðskiptanna fram til þessa. Ragnar svaraði því til, að frá lögfræðilegu sjónarmiði kæmi ekki til mála, að líta svo á, að markaðurinn "eignaðist" hlutdeild í framleiðslufyrirtækjum af sjálfu sér.

Jakob Gíslason vék næst að hlutdeild sveitarfélaga í Norðurlandsvirkjun sín á milli og þar mætti miða við íbúafjölda með nokkrum sveigjanleika m.a. með tilliti til eigna Akureyrar og Siglufjarðar, t.d. að þeir eignaraðilar fengju 25% hlutdeild á móti 25% hlutdeild annarra sveitarfélaga, en hlutfallið ætti að vera 20 á móti 30 skv. íbúatölu.

Haukur spurði um verðmæti virkjananna og Valur vék að viðskiptum Akureyrar og ríkis í Laxárvirkjun, en skv. niðurstöðu Sig. Th. þyrfti ríkið að greiða 58.96 m.kr. + 7.57 m.kr. stofnframlag í Laxá III til að hafa eignar 50% í Laxárvirkjun.

Um meðferð eignaraðildar voru Haukur, Jakob og Ragnar sam-
mála um að aðilar hlytu að vera sveitarfélögin sjálf. Hug-
mynd Áskels Einarssonar væri of lókin og óþarft að mynda
nýtt stjórnkerfi. Ragnar lagði áherslu á að stjórnkerfið
mætti ekki vera of flókið. Til væri fjórðungssamband allra
sveitarfélaga eða nær öllum opið og svo væru sýslufélögin.

Jakob Gíslason taldi að Laxárvirkjun endurmetin ætti hreina
eign 382 m.kr. miðað við ársreikn. 1972.

RARIK ætti 147 m.kr. skuldlausu eign, þ.m.t. allar svokallaðar
aðalorkuveitulinur, en óeðlilegt væri að Norðurlandsvirkjun tæki
að sér allar þær línur, þar sem afhendingarpunktur eins svæðis
ættu að vera sem fæstir og huti þessara eigna ætti því að falla
til dreifingaraðila.

Jakob sagði hreina eign Skeiðsfossvirkjunar vera 37 m.kr. Skal
reikna allar tölur með miklum fyrirvörum. Eignir samtals
hreinar því kr. 566 m.kr.

	Íbúar 1/12 '72	Íbúar 1/12 '73	
Akureyri og Siglufjörður	13.233	14.014	41.68%
Aðrir	19.415	19.609	58.32%
	<hr/>		
Alls	32.647	33.623	

Nýtt manntal 1/12 1973 sýnir, að heildaríbúatala er 33.623, þar
af á Akureyri og Siglufirði 14.014 eða 41.68% og annarsstaðar
19.609 eða 58.32%. Heildarframlag ætti að vera 1120 m.kr. eða
kr. 17.231 á íbúa til að veða á móti hreinni eign á íbúa á
Akureyri og Siglufirði. Var nú reiknað út hve stórt framlag
hvers kaupstaðar og sýslufélags þyrfti að vera og skráð á sér-
stakt fylgiskjal.

Haukur nefndi, að hugsanlegt væri, að orkumannvirkjalausú sveitar-
félögin legðu fram sitt framlag 570 m.kr. í herra raforkuverði
á löngum tíma. Brynjólfur benti á, að þetta væri andstætt hug-
myndum um jöfnun orkuverðs.

Valur sagði að ekkert raunhæft yrði gert í virkjunarmálum Norðlendingafjórðungs fyrr en Norðurlandsvirkjun hefði verið stofnuð og yrði því að finna stytzu og einföldustu leið. Hann varpaði fram þeirri hugmynd, að Norðurlandsvirkjun yrði stofnuð þannig, að Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun yrðu ekki á þessu stigi lögð inní Norðurlandsvirkjun, en ríkið legði fram eignir RARIK án mótframlags. Síðan yrðu virkjanirnar tvær keyptar með hækkuðu rafmagnsverði.

Jakob kvaðst vilja leiðrétta að ekki yrði um virkjanir að ræða, heldur væri það ráðherra áhugamál að koma á Kröfluvirkjun og yrði hann brátt að fela öðrum þá virkjun, ef Norðurlandsvirkjun kæmist ekki á.

Jakob benti á að til væru óendanlegar milli-leiðir og voru Jakob og Valur sammála um að ríki, Akureyri og Siglufjörður ættu að leggja fram hluta af sínum eignum og það sem eftir yrði keypti Norðurlandsvirkjun. Önnur sveitarfélög legðu fram hlutfallslega sama framlag og benti Jakob á, að ef ríkið þyrfti ekki að leggja fram alla sína eign, gæti ríkið selt þeim með bestu kjörum þann hluta til að leggja fram í Norðurlandsvirkjun.

Valur kom að því varðandi mat á eignum virkjananna, að Akureyri, og Siglufjörður myndu með raforkuverðinu kaupa sínar eignir og þessir aðilar keyptu sennilega hlutfallslega meiri orku en næmi íbúafjöldanum.

Vék Valur næst að rekstrarsgrundvelli Norðurlandsvirkjunar og taldi sennilega óhjákvæmilegt að hún eignaðist strax virkjanirnar þar sem eignir RARIK væru tiltölulega óarðbærar. Voru fundarmenn sammála um, að óhjákvæmilegt væri, að Norðurlandsvirkjun eignaðist orkuverin öll frá upphafi.

Jakob gerði grein fyrir hugmynd um, að virkjanalaustu héruðin legðu fram 80 m.kr. á 4 árum sem stofnframlag að viðbættum eignum frá ríki eða annarskonar langtíma framlögum.

Fundi frestað kl. 12.00 og fram haldið kl. 13.30.

Knútur Jónsson og Sverrir Sveinsson frá Siglufirði mættu á fundinum. Fór Jakob Gíslason nú yfir það í meginatriðum, sem gerst hafði á fundinum í morgun til glöggvunar fyrir Siglufirðingana. Sagði hann niðurstöðuna hafa orðið þá, að ef eigendur orkuvera legðu fram allar sínar eignir sem stofnframlög, yrðu framlög annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga sem ekki ættu raforkuver, svo há, að nánast væri óframkvæmanlegt. Yrði því að finna einhvern milliveg. Félagið mætti þó stofna með framlagi eigna, reiðufjár og skuldabréfa og Norðurlandsvirkjun keypti síðan þær eignir, sem ekki væru stofnframlög.

Knútur Jónsson varpaði fram þeirri spurningu, hver yrði staða þeirra sveitarfélaga, sem ekki vildu taka þátt í Norðurlandsvirkjun. Jakob Gíslason og Ragnar Aðalsteinsson bentu á og ítrekuðu, að 1/4 hluti virkjanlegs vatnsafls væri á Norðurlandi og ca. 3% þess væri virkjað. Þegar litið væri til langs tíma og á breiðum grundvelli, þá hlyti það að vera hagur allra íbúa landshlutans að eiga aðild að Norðurlandsvirkjun, sem mundi virkja og tryggja orku, sem yrði ódýrari en ella. Ragnar kvað þetta hafa komið til tals milli hans og Jakobs fyrir fáeinum dögum, en ekki ástæða til að svara því að svo stöddu, enda væri stefnt að stofnun Norðurlandsvirkjunar með samningum og ekki hefði heyrst frá neinu sveitarfélagi, sem ekki vildi vera með. Haukur tók undir, að stofnunin væri hagstæð þegar litið væri til lengri tíma og á breiðum grundvelli. Kom og upp, að Siglufirðingar, sem eiga Skeiðsfossvirkjun, sem er að verulegu leyti hrein eign þeirra, stefndu að stækkun og þá hækkuðu verði. Auk þess virtust þeir ekki vera sjálfum sér nógir um raforku til neinnar frambúðar. Var síðan nokkuð rætt um raforkuverð á Siglufirði og sérstöðu kaupstaðarins.

Var næst rætt um stjórnaraðild sveitarfélaganna og gerð grein fyrir þeim hugmyndum, sem fram hafa komið þar um. Fundarmenn voru sammála um, að sveitarfélögin sjálf yrðu að vera aðilar, en ekki sýslufélögin, enda væri verkefnið vart innan verkefnaramma sýslunefnda (RA). Rætt var um fulltrúa á fjórðungssamtaka fundur sem fulltrúa á aðalfundum Norðurlandsvirkjunar eða fulltrúa sem sveitarstjórnirnar kysu á svipaðan hátt og mættu þeir á aðalfundum og kysu þar 4 menn í stjórn, ríkið tilefndi

4 og stjórnin reyndi síðan að koma sér saman um formann, sem búsettur væri á Akureyri eða næsta nágrenni.

Hugmyndum Áskels Einarssonar var hafnað sem of flóknum og þunglamalegum. Jakob Gíslason gerði nú grein fyrir hugsanlegum stofnframlögum. Ríkið á 338 m.kr. Önnur sveitarfélög kaupa 126 m.kr. Lagði Jakob fram svohljóðandi tillögu:

	reiðufé	eignir	samtals
Ríkið	134	212	346
Akureyri og Siglufjörður		140	140
Aðrir	80	126	206
	214	478	692

80 m.kr. framlag á 4 árum jafngildir kr. 1.000 á íbúa á ári.

Rætt var hvort 80 m.kr. væri ekki of hátt framlag ásamt eigna kaupunum eða kr. 10.000,- á íbúa. Ennfremur hvort ríkisvaldið mundi aðstoða við öflun.

Nýtt tilvik frá J.G.	101	212	313
	0	127	127
	60	126	186
	161	465	626

Miðað við þetta tilvik yrði ársgreiðsla á íbúa rúml. 1400 á ári fyrstu 4 árin og síðan 721 á íbúa í 16 ár og er þá gert ráð fyrir, að 126 m.kr. eignir yrðu lánaðar gegn 20 ára veðskuldabr. (annuitet).

Ragnar varpaði fram eftirfarandi:

- 1) Rætt hefur veirð um íbúagrundvöll við eignaskiptinguna fram til þessa. Eigum við að kanna hvort beita eigi meiri sveigjanleika t.d. með hliðsjón af notkuninni? Dæmi Akureyri og Siglufjörður 25% og aðrir 25%.
- 2) Starfsmenn verði sömu á sömu kjörum.

Valur taldi að vísu persónuleg vandamál yrði að ræða vegna starfsmanna, en kvaðst ekki eiga við stjórnarmenn.

Við fyrri spurningunni voru menn okkuð jákvæðir, en Ragnar ítrekaði, að hann ætti ekki við að fylgja markaðinum þrælbandið heldur mynda sveigjanleika, sem ykju eignarframlög Akureyrar og Siglufjarðar, en minnkuðu byrðarnar á "öðrum".

Jakob Gíslason lagðist algerlega á móti því að hafa hliðsjón af markaðnum, vegna þess hversu hann væri sveiflukenndur og það þrátt fyrir þann fyrirvara, sem gerður var á um stórkaupendur, en gert var ráð fyrir því að orkunot þeirra væru ekki meðtalin. Þá benti Jakob Gíslason á ýmis önnur vandkvæði, svo sem það, hvort miða skyldi við krónutölu, kW etc.

Haukur lagði áherslu á, að hann hefði nú fyrst í dag heyrt nefndar tölur um hreinar eignir Akureyrar, Siglufjarðar og ríkisins í orkumannvirkjum. Nú væri búið að endurmeta eignir Akureyrar og ríkisins og fara upp verðið, en það leiddi til aukinna erfiðleika annarra sveitarfélaga að taka þátt í stofnun Norðurlandsvirkjunar. Taldi han að rétt væri að beita ákvæðum 1. gr. Laxárvirkjunar við mat é eignum og hefði hann reyndar alltaf gert ráð fyrir því.

Var enn vikið að því af Siglfirðingum hvert væri hagræði sveitarfélaga af aðild þar sem þau fengju hvort eð er alltaf rafmagn á sama verði og aðrir.

Ragnar benti á að enginn gæti ábyrgst að eftir 10-20 ár kæmi ekki til, að ákveðnar yrðu tvær gjaldskrár, fyrir eignaraðila og aðra.

Jakob Gíslason reiknaði nú út nýtt stofnframlag svohljóðandi:

	Reiðufé	Eignir	Alls
Ríkið	67	212	279
Akureyri og Siglufjörður	0	113	113
Aðrir	46	126	166
	107	451	558

25 ára annuitet á 126 m.kr. ca. kr. 13.885 m.kr. á ári. Íbúar 19.415 í 715 kr. pr. íbúa pr. ár í 25 ár.

Voru nú viknir af fundi Valur, Sverrir og Knútur.

Haukur benti enn á, að ekki fengist samþykki, að hans mati, sveitarstjórna fyrir aðild sveitarfélaga, ef þau þyrftu að kaupa áhrifavald í Norðurlandsvirkjun svo dýru verði. Þá væri á það að benda, að hugsanlegt væri, að sveitarstjórnir vildu alveg eins nota framlagið sem eigið fjármagn í héraðsvirkjun.

Var málið rætt almennt í framhaldi af þessu og ákveðið að Ragnar setti niður umræðugrundvöll eða punkta og fundi frestað til morguns eftir hádegi.

Fundi slitið kl. 18.20

Ár 1974 11. maí kl. 14.30 var fundi fram haldið á skrifstofu Fjórðungssambands Norðlendinga á Glerárgötu 24 á Akureyri.

Fundinn sátu, Jakob Gíslason, Ragnar Aðalsteinsson, Haukur Harðarson, Áskell Einarsson, Knútur Jónsson og Valur Arnþórsson, sem sat síðari hluta fundarins.

Jakob Gíslason hóf umræðurnar með því að rifja upp umræðurnar á fundinum í gær og draga saman það sem helst hefði mátt nefna niðurstöður þess fundar.

Hann nefndi meðal annars, að erfitt væri að stofna Norðurlandsvirkjun, ef aðili eins og Siglufjörður ætti þar ekki hlut að máli.

Jakob lagði til, að á aðalfundi ætti öll sveitarfélög, sem gerast aðilar að Norðurlandsvirkjun, einn fulltrúa, en þau, sem hafa eitt til tíu þúsund íbúa hefðu tvo fulltrúa á aðalfundi og Akureyri þrjú fulltrúa og var það hugmynd Jakobs að fulltrúarnir yrðu kjörnir af sveitarstjórnunum.

Kom fundarmönnum saman um, að þetta væri einfaldasta skipan aðalfundar.

Áskell Einarsson taldi, að athuga bæri, hvort fulltrúi fjórðungssambands Norðlendinga og sýslumenn sem oddvitar sýslunefnda skyldu eiga seturétt á aðalfundi, enda þótt þeir hefðu ekki atkvæðisrétt.

Fundarmenn lögðu nú til grundvallar umræðum sínum umræðugrundvöll, sem dagsettur er 15.3.1974 og umræðurnar á fundinum í gær. Talið er rétt, að í 3. grein væri svæðisskilgreiningin miðuð við Norðlendingafjórðung.

Í 5. grein var talið rétt að miða við íbúafjölda.

Í 6. grein kom fram hugmynd um, að miða við, að samkomulag náist milli núverandi eigenda virkjanana tveggja, tveggja fulltrúa frá stjórnarráðinu og stjórnarformanni Norðurlandsvirkjunar.

Þá er um það rætt, að nauðsynlegt væri, að setja í samkomulagið ákvæði um það, hvaða mælikvarða skyldi nota við mat á þeim eignum sem kynnu að verða lagðar til Norðurlandsvirkjunar, en fundarmenn voru sammála um, að slíkar eignir yrði að meta allar á sama hátt.

Viðmiðanir við mat, sem nefndar voru, voru meðal annars (1) að færa upp eignir skv. byggingarvísitölu, (2) kostnaður við að koma upp samþærilegri virkjun miðað við afköst í dag og (3) arðsemi. Að sjálfsögðu allt með fyrirvara um afskriftir.

Þá var að því vikið, að í umræðunum hefði yfirleitt verið miðað við níu manna stjórn og fundarmenn væru sammála um að það væri hæfileg tala til að allra hagsmuna væri gætt. Hins vegar var talið rétt að skipa þriggja manna framkvæmdarnefnd eða framkvæmdaráð, sem framkvæmdastjóri gæti leitað til.

Þá var og rætt um búsetu stjórnarformanns á Akureyri og það rökstutt með því, að gert væri ráð fyrir aðsetri og varnarþingi Norðurlandsvirkjunar á Akureyri og þyrfti framkvæmdastjóri að hafa sem greiðastan aðgang að stjórnarformanni. Ekki var talið nægjanlegt að stjórnarformaður bæri búsettur í Norðlendingafjórðungi, enda gæti verið að miklum mun torveldara að ná í stjórnarformann í Húnavatnssýslu ena stjórnarformann í Reykjavík. Með þessu væri og tryggð meirihlutaaðild heimamanna í stjórn.

Var nú enn um það rætt, hvert reiðufjárframlag sveitarfélaga skyldi vera og á hversu löngum tíma það skyldi greiðast. Kom enn fram sú hugmynd af hálfu sveitarstjórnarmanna, að reiðufjárframlag greiddist á fjórum til fimm árum og eignaframlag endurgreiddist ríkissjóði með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 25 árum, þó þannig að af slíku láni greiddist ekkert fyrstu fjögur til fimm árin.

Er hér var komið sögu voru fundarmenn almennt um það sammála, að viðræður þessar hefðu leitt til þess, að unnt væri að semja umræðugrundvöll eða drög að samkomulagi sem hugsanlegt væri, að aðilar gætu samþykkt.

Knútur Jónsson lýsti sig í grundvallaratriðum ósamþykkan þeim hugmyndum, sem fram hefðu komið á fundunum. Hann kvað hugmynd sína vera þá, að ríkissjóður byggði Kröfluvirkjun og afhenti hana síðan Norðurlandsvirkjun án endurgjalds til rekstrar og greiðslu skuldbindinga. Lýsti hann undrun sinni á afstöðu stjórnarformanns Fjórðungssambands Norðlendinga til hugmynda þeirra, sem fram hefðu komið. Það hefði verið stefna sambandsins að virkja eftir markaðspörfinni, en ekki til þess að selja orku suður. Hann lýsti því ennfremur yfir, að hann myndi leggjast gegn þessum hugmyndum í bæjarstjórn Siglufjarðar. Þá sagði Knútur, að ef sú leið yrði farin, sem hann hefði dregið á, þá myndu Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun ganga inn í Norðurlandsvirkjun á síðara stigi, að hans áliti.

Knútur lagði áherslu á, að það væri pólitískt erfitt að fá samþykki til afhendingar á Skeiðsfossvirkjun. Hann sagði, að afstaða bæjarfulltrúa á Siglufirði hefði verið könnuð, og hefði komið fram, að fulltrúarnir teldu þær hugmyndir, sem ræddar hefðu verið, m.a. á þessum fundum, ekki í samræmi við hagsmuni Siglufirðinga.

Áskell Einarsson varpaði fram þeirri hugmynd, að Siglufirðingar gerðust aðilar á sama hátt og þau sveitarfélög, sem ekki eiga virkjunarmannvirki, en legðu eignir sínar fram síðar að loknum hæfilegum aðlögunartíma, t.d. fimm árum, gegn greiðslu úr hendi Norðurlandsvirkjunar.

Knútur kvað slíka lausn hugsanlega frá sínum bæjardyrum séð.
Jakob Gíslason reiknaði út svohljóðandi tilvik:

Ríkið	50	212	262
Akureyri og Siglufjörður	0	106	106
Aðrir	30	126	156
	<u>80</u>	<u>444</u>	<u>524</u>

30 m.kr.: með 19.415 = 1.550 kr. á íbúa
126 m.kr.: " 19.415 = 6.490 kr. á íbúa
eða samtals kr. 8.040 á íbúa.

Haukur varpaði því fram, að athuga mætti, hvort unnt væri að stofna Norðurlandsvirkjun með beinum fjárframlögum allra aðila í hlutfalli við íbúafjölda á móti helmingseign ríkissjóðs og keypti síðan orkuverin Laxá og Skeiðsfossvirkjun. Heimilað yrði jafnframt að leggja á "orkuskatt" í dreifikerfinu til að greiða stofnframlögin, þar sem erfitt væri að binda núverandi tekjustofna sveitarfélaga.

Knútur gerði nú enn grein fyrir sérsjónarmiðum Siglfirðinga og nefndi m.a. eftirtalin atriði:

1. Matsaðferðir: Ýmist væru eignirnar of hátt eða of lágt metnar.
2. Líta mætti á hugmyndirnar sem árás á sjálfstæði Siglufjarðar.
3. Málið væri viðkvæmt, þar sem kosningar væru framundan, og vafasamt að hreyfa því að svo stöddu, og það jafnvel ekki fyrir en eftir Alþingiskosningar, hinn 30. júní n.k .

Valur Arnþórsson gerði nú grein fyrir þeirri hugmynd sinni, að ríkið legði fram eignir sínar, verulega færðar niðri í verði, sem stofnfé og síðan keypti Norðurlandsvirkjun orkuver Akureyrar og Siglufjarðar. Mótframlag sveitarfélaganna yrði í formi reiðufjárframlaga, en ríkisstjórnin aðstoðaði þá sveitarfélögin við að afla lánsfjár til framlaganna.

Gerði hann síðan ráð fyrir því, að Norðurlandsvirkjun keypti eignarhluta Akureyrarí Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun af Siglfirðingum.

Þá vék Valur að fyrri hugmyndum, sem höfðu verið til umræðu á fundunum, um sölu á eignum til sveitarfélaga, sem þau gætu lagt fram sem stofnfjárframlag í Norðurlandsvirkjun og taldi, að ef sú aðferð væri valin, þá ætti ríkissjóður að aðstoða sveitarfélögin með því að selja þeim hluta orkumannvirkja sinna, annaðhvort án vaxta eða að minnsta kosti með mjög lágum vöxtum og löngum greiðslutíma.

Voru málin nú enn rædd vítt og breitt og ítrekað, að unnt ætti að vera að leggja nú, að loknum þessum fundum, fram drög að samkomulagi með aðilum, sem kynna mætti óformlega fyrir umbjóðendum fulltrúa á þessum fundum. Ekki væri hyggilegt að bera þessi mál upp í bæjarstjórnnum til formlegrar afgreiðslu á þessu stigi málsins, en málin mætti kynna og leggja þau fyrir að loknum svietarstjórnarkosningum.

Ákveðið var, að Ragnar Aðalsteinsson sendi þeim, sem fundi þessa hafa setið, afrit af minnisgreinum, sem hann hefur ritað á fundunum, en Ragnar lýsti því yfir, að hér væri eingöngu um hans minnisgreinar að ræða, sem fulltrúar gætu stuðst við sér til upprifjunar, en ekki til framlagningar sem formlegar fundargerðir fundanna.

Fundi slitið kl. 18.30.

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Rafmagnsveitur ríkisins
Umskrifaðir efnahagsreikningar.

741025 - JG

Rafmagnsveitur ríkisins
 Umskrifaður efnahagsreikn. 1973

741025 - JG

31.12.1973 eftir endurmat.

- kkr. -

	Eignir	Skuldir
Virki í rekstri eftir endurmat	7.317.719	
Byggingarreikningur	507.118	
Birgðahús og áhöld	77.977	
Vörubirgðir	90.492	
Sjóður og skuldunautar	171.018	
Biðreikningar	26.772	
Lánardrottinnar		510.429
Samningsbundin lán (uppf.)		1.681.906
Biðreikningar		33.247
Afskriftir birgðageymsla		4.194
Afskrift ársreikn. á virkjum í rekstri eftir endurmat		2.060.558
Viðb. Afskr. af virkjum, sem reist eru fyrir stofnfjárframl.		926.440
Eigið fé:		
Stofnfjárframlög	854.222	
Endurmatsreikn. vörubirgða	29.645	
Endurmatsr.virkja í rekstri:		
Hækkun stofnk. við end.mat	5.200.833	
÷ hækkun afskr.við end.mat	÷ 1.222.330	3.978.503
÷ Verðhækkun lána		÷ 726.505
÷ Rekstrarhalli		÷ 235.104
÷ Afskrift stofnfjárframlagsvirkja		÷ 926.440
		<u>2.974.321</u>
	<u>8.191.096</u>	<u>8.191.095</u>

Athugasemdir:

- a. Þau virki í rekstri sem reist hafa verið fyrir stofnfjárframlög, hafa í ársreikningum Rafmv. rík. ekki verið afskrifuð. Þau eru, samkv. upplýsingum frá bókhaldi Rafmagnv. ríkisins, að stofnkostnaði 667.038 kkr. á verðlagi byggingarára, en eftir endurmat 31/12 '73 2.120.276 kkr. Endurmetnar afskriftir þeirra frá upphafi til 31/12 '73 voru, með þeirri endurmatsaðferð, sem notuð er, 926.440 kkr. Ég hef hér fært þessa upphæð sem sérstakan afskriftalið skuldamegin á efnahagsreikninginn og lækkað eiginfjárupphæðina um hana, niður í 2.974.321 kkr.

- b. Samkvæmt ársreikningi Rafm.v. rík. og þessum útreikningum mínum höfðu þ. 31/12 '73 af þá mótteknum stofnfjárframlögum, 854.222^{kr.}krónum, ekki verið notaðar til niðurgreiðslu stofnkostnaðar sveitaveitna nema 667.038 kkr. og því ónotað um síðustu áramót 187.184 kkr., þegar miðað er við afskriftaútreikninginn.

741025 - JG

31.12.1973 fyrir endurmat
- kkr -

	Eignir	Skuldir
Virki í rekstri	2.116.884	
Byggingarreikningur	507.118	
Birgðahús og áhöld	77.977	
Vörubirgðir	90.492	
Sjóður og skuldunautar	171.018	
Biðreikningar	26.772	
Lánardrottnar		510.429
Samningsbundin lán		1.681.906
Biðreikningar		33.247
Afskriftir birgðageymsla		4.194
Afskrift ársreikninga á virkjun í rekstri		838.228
Viðb.: Afskrift af virkjum sem reist eru fyrir stofnfjárframl.		303.104
Eigið fé:		
Stofnfjárframlög	854.222	
Endurmatsreikn. vörubirgða	29.645	
+ Verðhækkun lána	+ 726.505	
+ Rekstrarhalli	+ 235.104	
+ Afskr. stofnfjárframlags virkja	+ 303.104	+ 380.846
	<u>2.990.262</u>	<u>2.990.262</u>

741025 JG

31.12. 1972 fyrir endurmat

- kkr -

	Eignir	Skuldir
Virki í rekstri á verðl. bygg. ára	1.769.013	
Byggingarreikningur	215.257	
Birgðahús og áhöld	55.498	
Vörubirgðir	65.027	
Sjóður og skuldunautar	85.785	
Biðreikningar	16.567	
Lánardrottinnar		178.671
Samningsbundin lán		1.432.007
Biðreikningar		28.312
Afskriftir birgðageymsla		4.086
Afskrift ársreikn. á virkjum í rekstri		662.916
Viðb.: Afskr. af virkjum sem reist eru fyrir stofnfjárframl.		224.496
Eigið fé:		
Stofnfjárframlög	667.835	
Endurmatsreikn. vörubirgða	29.645	
+ Verðhækkun lána	+ 690.855	
+ Rekstrarhalli	+ 105.470	
+ Afskr. stofnfjárframlags virkja	+ 224.496	+ 323.341
	<u>2.207.147</u>	<u>2.207.147</u>

741025 - JG.

- kkr. -

Rafmagnsveitur ríkisins
 Ýmislegt varðandi endurmat virkja í rekstri
 31.12. 1973

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.
		Stofnk. pr.31.12. 1972 á verðl. bygg.ára	Aukn- ing 1973	Stofnk. pr.31.12. 1973 á verðl. bygg.ára	Stofn- kostn. pr.31/12 1973 við endur- endurmet. mat	Stofn- kostn. hækkun	Afskrift pr.31.12. fyrir endur- mat	Afskrift pr.31.12. eftir endur- mat	Afskrift pr.31.12. 1973	Afskrift pr.31. 12. '73 eftir endurmat
Virkjanir		211.520	50.785	262.305	1.408.532	1.146.227	120.399	473.714	33.944	507.658
Disilstöðvar		206.462	77.689	284.151	574.253	290.102	144.506	162.567	30.041	192.608
Aðalorkuveitur		375.954	13.605	389.559	1.652.937	1.263.378	157.886	647.995	54.590	702.585
Dreifiveitur:										
Sveitir niðurgr.m stofnfj.frl.		575.300	91.738	667.038	2.120.276	1.453.238	0	0	0	0
" ekki " " " "		143.825	22.935	166.760	530.069	363.309	56.124	211.958	19.652	231.610
Innanbæjarkerfi		234.566	86.680	321.246	968.747	647.501	108.116	378.994	35.916	414.910
Hús og landareignir		21.386	4.441	25.827	62.905	37.078	4.555	10.018	1.169	11.187
Óskiptur kostnaður							71.330			
		1.769.013	347.873	2.116.886	7.317.719	5.200.833	662.916	1.885.246	175.312	2.060.558

* 662.916

Hækkun afskrifta við endurmat: 1.222.330

Inngangur.

Margar rafveitur landsins eru mjög seint á ferð með fullgerða ársreikninga. Með eftirgangsmunum hefur Orkustofnun þó nú tekizt að fá tilsenda reikninga ársins 1973 frá vel flestum þeirra.

Ég hefi fengið í hendur ársreikninga þeirra rafveitufyrirtækja, sem vantsorkuver eiga og vinna í þeim raforku til heilidsölu eða dreifingar á eigin dreifisvæðum. Ég hefi athugað þessa ársreikninga, dregið þó nokkuð saman (sjá hér að neðan) og borið upplýsingar þeirra um eignir og skuldir saman við þær tölur, sem ég hefi hingað til notað í útreikningum mínum varðandi ýmsar tillögur um endurskipan rafveitumála.

Yfirlitið, sem fæst úr ársreikningum 1973, er þannig:

		Bókfærðar eignir	Skuldir	Skuldlausar eignir
Laxárvirkjun	(Endurmat árs 1.72)	938.066	530.298	407.768
Skeiðsfossvirkjun	(Ekki endurmetið)	6.400	1.972	4.428
Landsvirkjun	(Endurmat 1973)	9.966.318	6.986.004	2.980.314
Andakílsárvirkjun	(Endurmat 1969)	145.158	33.181	111.977
Fossavatnsvirkjun	(Endurmat 1969)	45.672	3.497	42.175
Rafmv.rík.(orkuvinnslan)	(Endurmat 1973)	2.688.186	1.133.368 ^{x)}	1.554.818 ^{x)}
		13.789.800	8.688.320	5.101.480

x) þetta eru ágizkaðar og allóvissar tölur.

Hér eru svo þær tölur, sem ég hefi notað í útreikningum mínum:

	Bókfærðar eignir	Skuldir	Skuldlausar eignir
Laxárvirkjun	930.000	548.000	382.000
Skeiðsfossvirkjun	40.000	3.000	37.000
Landsvirkjun	9.966.000	6.986.000	2.980.000
Andakílsárvirkjun	125.000	23.000	102.000
Fossavatnsvirkjun	26.000	2.000	24.000
Búðarárvirkjun, Reyðarf.	5.000	0	5.000
Rafmagnsv.ríkisins	1.528.000	558.000	970.000
	12.620.000	8.120.000	4.500.000

Mismunurinn á þessum tölum mínum og tölum ársreikninganna 1973 er ekki svo mikill, að hann haggi ^{verulega} mikið á Stöðum útreikninga minna eða samanburði milli ýmissa valkosta og tillagna.

Öll fyrirtækin, nema Skeiðsfossvirkjunin, hafa endurmetið eignir sínar á síðustu árum, Landsvirkjun og Rafmv. rík. til ársloka '73, Laxárvirkjun til ársloka '72.

Hvar eru fyrirtækin?

- a. Norðurland.
Rafmagnsveitur ríkisins
Laxárvirkjun
Skeiðsfossvirkjun
- b. Suðurland.
Landsvirkjun
- c. Vesturland.
Rafmagnsveitur ríkisins
Andakílsárvirkjun
- d. Vestfirðir.
Rafmagnsveitur ríkisins
Fossavatns-Nónhornsvirkjun
- e. Austurland.
Rafmagnsveitur ríkisins

Hvaða virkjanir eru nú í smíðum?

- a. Norðurland.
Laxárvirkjun III má telja í smíðum.
Fljótaárvirkjun neðri.
- b. Suðurland.
Sigölduvirkjun.
- c. Vesturland.
Stækkun Andakílsárvirkjunar
- d. Vestfirðir.
Stækkun Mjólkárviðkjunar.
- e. Austurland.
Lagarfossvirkjun.

Efnahagsreikningar orkuvinnslufyrirtækjanna, samandregnir.

1. Laxárvirkjun 31/12 1973.

-Kkr-

<u>EIGNIR</u>	<u>Þ.kr.</u>	<u>Þ.kr.</u>
Eignir, aðrar en Laxá III, endurmetnar í árslok 1972, stofnkostnaður + afskriftir	843.797 <u>472.013</u>	371.784
Laxá III stofnkostnaður + frá ríkissjóði samkv.samn.	543.495 <u>69.000</u>	474.495
Ýmislegt		<u>91.787</u>
		<u>938.066</u>
 <u>SKULDIR</u>		
Áhvílandi lán		522.357
Lánardrottinn		7.941
Skuldlaus eign		<u>407.768</u>
		<u>938.066</u>

2. Skeiðsfossvirkjun 31/12 1973.

-Kkr-

<u>EIGNIR</u>			
Fastafjármunir í rekstri:			
Skeiðsfossvirkjun	15.450		
+ afskriftir	<u>11.635</u>	3.815	
Háspennulínan	3.513		
+ afskriftir	<u>2.483</u>	1.030	
Endurbætur í stíflu	1.675		
+ afskriftir	<u>1.540</u>	135	4.980
Jarðeignir í Fljótum	1.797		
+ afskriftir	<u>1.779</u>		18
Vörubirgðir m.m.			<u>1.402</u>
			<u>6.400</u>
 <u>SKULDIR</u>			
Lán			1.972
Höfuðstóll, skuldlaus eign			<u>4.428</u>
			<u>6.400</u>

3. Landsvirkjun 31/12 1973.

-Kkr-

EIGNIR

Veltufjármunir		578.538
Fastafjármunir í rekstri: Endurmat.stofnk.	9.833.581	
- " - í smíðum	1.258.349	8.575.232
Aðrar eignir		788.716
		23.832
		<u>9.966.318</u>

SKULDIR

Lán v. fjármuna í rekstri		6.003.561
" " " í smíðum		982.443
Eigið fé		<u>2.980.314</u>

4. Andakílsárvirkjunin 31/12 1973.

-Kkr-

EIGNIR

		Kkr.
Veltufjármunir		7.881
Fastafjármunir í rekstri (endurmetið 1969)		
Stofnkostnaður	86.483	
+ Fyrning	18.929	67.554
Fastafjármunir í smíðum		65.240
Aðrar eignir (virkjunarrannsóknir o.fl.)		4.483
		<u>145.158</u>

SKULDIR

Lán til skamms tíma		17.666
Lán til langs tíma		15.515
Eigið fé		111.977
		<u>145.158</u>

5. Fossvatns-Nónhornsvirkjun 31/12 1973

- Kkr. -

EIGNIR

Fastafjármunir í rekstri

Virkjanir (endurmetnar og afskr. frá dr.)	22.870	
Fossvatnsstífla, endurbætur	22.802	45.672
		<u>45.672</u>

SKULDIR

Lán		3.497
Eigið fé: Endurmat eignar 1969 og annar höfuðstóll		<u>42.175</u>
		<u>45.672</u>

6. Rafmagnsveitur ríkisins 31/12 1973

- Kkr. -

EIGNIR

A. samkvæmt fjölrituðum ársreikningi 1973

	<u>í rekstri</u>			<u>í smíðum</u>	Bókfærð eign samtals kkr.
	Endurmat stofnkostn. kkr.	Endurmat fyrning kkr.	Bókfærð eign kkr.	Bókfærð eign kkr.	
<u>Orkuvinnslumannvirki:</u>					
Norðurland	431.411	157.254	274.157	126.004	400.161
Suðurland	694.624	253.620	441.004	6.757	447.761
Vesturland	300.321	126.588	173.733	960	174.693
Vestfirðir	974.789	401.838	572.951	123.487	696.438
Austurland	1.234.577	463.551	771.026	198.107	969.133
Samtals	3.635.722	1.402.851	2.232.871	455.315	2.688.186
Aðrar eignir Rafmv.r.	4.048.256	661.901	3.386.355	51.802	3.438.157
Samtals	7.683.978	2.064.752	5.619.226	507.117	6.126.343
<u>B. Eftirleiðréttingu afskrifta:</u>					
Orkuvinnslumannvirki	3.635.722	1.402.851	2.232.871	455.315	2.688.186
Aðrar eignir Rafmv. ríkisins	4.048.256	1.588.341	2.459.915	51.802	2.511.717
Samtals	7.683.978	2.991.192	4.692.786	507.117	5.199.903

SKULDIR

	A. Samkvæmt fjölrituðum ársreikn. 1973	B. Eftir leiðrétt. afskrifta
Sámningsbundin lán	1.681.906	1.687.906
Lánardrottinnar og biðreikningar	543.676	543.676
Eigið fé	3.900.761	2.974.321*
<u>Samtals</u>	<u>6.126.343</u>	<u>5.199.903</u>

Drög R.A. 18.3.1975

Reiðufjárframlag án mats

á ^{HREIÐU} ~~herinni~~ eign núverandi eigenda.

S U ð U R L A N D S V I R K J U N .

1. Ríkisstjórn, Reykjavík og önnur sveitarfélög á Landsvirkjunarsvæðinu stofna virkjunarfyrirtæki, Suðurlandsvirkjun. Hver aðili er í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum fyrirtækissins, en innbyrðis fer ábyrgð eftir eignarhlutföllum.
2. Suðurlandsvirkjun er sameignarfyrirtæki stofnenda og á ríkið 50%, en eignarhlutföll sveitarfélaga skal vera í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1.12.1974.
3. Suðurlandsvirkjun tekur við öllum eignum Landsvirkjunar ásamt áhvílandi skuldum, svo og eignum Rarik á landshlutasvæðinu ásamt áhvílandi skuldum.
4. Ríkið og Reykjavíkurborg leggja Suðurlandsvirkjun til sem endurgjaldslaust framlag eignir skv. 3. gr.
5. Önnur sveitarfélög á svæðinu leggja Suðurlandsvirkjun til kr. 7.500.- á hvern íbúa í sveitarfélagi. skv. þjóðskrá 1.12.1974 sem stofnframlag.
6. Stjórn Suðurlandsvirkjunar skal skipuð 9 mönnum búsettum á svæðinu. Kýs Alþingi 4 fulltrúa ríkissins hlutfallskosningu, en fulltrúaráðsfundur sveitarfélaganna kýs 4 fulltrúa og fer atkvæðamagn hvers sveitarfélags á fulltrúarráðsfundi eftir eignarhlutdeild þess. Aðilar skipa í sameiningu 9 manninn, formann, en náist ekki samkomulag skal hann skipaður af Hæstarétti. Varamenn jafnmargir skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.
7. Við gildistöku laga um Suðurlandsvirkjun skulu stofnendur gera með sér sameignarsamning og stjórn fyrirtækissins skal skipuð. Þessu skal lokið fyrir 197...
Í sameignarsamningi skal kveðið svo á, að reiðufjárframlag sveitarfélaga skuli innt af hendi innan 6 mánaða frá ofangreindum degi.
8. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán fyrir önnur sveitarfélög en Reykjavík að fjárhæð allt að kr. til að auðvelda sveitarfélagunum að leggja fram reiðufjárframlag sitt skv. 5. gr.
9. Suðurlandsvirkjun hefur einkarétt til raforkuvinnslu og aðalorkuflutnings á starfssvæðinu. (Skilgreining á starfssvæði).
10. Skal í löggjöf kveða á um fulltrúarráðsfundi, stöðu starfsmanna og önnur atriði.

Útdráttur úr
greinargerð:

Hugmynd þessi að stofnun landshlutavirkjana með föstu reiðufjárfram-
lagi af hálfu þeirra sveitarfélaga, sem ekki eiga orkuvinnslumann-
virki er á því byggð, að hagkvæmt sé að orkuframleiðsla og aðalorku-
flutningur sé í höndum stórra landshlutafyrirtækja, sem hafi svipaða
réttarstöðu og skipulag og Landsvirkjun hefur nú, að því breyttu, að
aðild að hinum nýju landshlutafyrirtækjum, væntanleg fimm að tölu,
eigi öll sveitarfélög á starfssvæði hvers virkjunarfyrirtækis.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram eignarhlutdeild sína í
Landsvirkjun, svo og aðalorkuflutningslínur RARIK. Reykjavík leggur
fram eignarhlutdeild sína í Landsvirkjun, Akureyri í Laxárvirkjun og
önnur sveitarfélög sín orkumannvirki, allt án endurmats á hreinni eign
og endurgjalds

.....

Ýmislegar sögulegar ástæður liggja til þess, að greind sveitarfélög
eiga verulega hreina bókfærða eign í greindum virkjanafyrirtækjum
án þess að hafa hætt miklu eða fórnað. Þrátt fyrir þetta teljast
Reykjavík og Akureyri eiga helming af meginhluta orkuvera á Íslandi.
Eignarrétti þessum fylgir stjórnaraðild að hálfu á móti ríkisvaldinu.

Það virðist vera mörkuð stefna allra eða flestra stjórnmalaflokka
hér, að rétt sé að stofna landshlutafyrirtæki um orkuöflun með
eignar- og stjórnaraðild allra sveitarfélaga til jafns á móti ríkis-
valdinu. Nokkuð augljóst virðist, að sveitarfélögin hafa ekki fjár-
hagslegt bolmagn til^{að}kaupa sig inni þá bókfærðu skuldlausu eign,
sem Reykjavík, Akureyri o.fl. hafa eignast, einkum og sér í lagi
að loknu endurmati þar sem t.d. hækkun á byggingarvísitölu er lögð
til grundvallar.

Ekki er heldur fær leið að kaupa hluta af eignum Reykjavíkur o.f.
og greiða á næstu árum, þar sem það mundi draga fé úr orkuiðnaðinum.

Mörgum kynni að þykja það ósanngjarnt að Reykjavík, Akureyri o.fl. afsöluðu sér helmingseign og stjórnaraðild án þess að nokkuð kæmi á móti.

Er því lagt hér til, að farin verði millileið, þar sem "eignarlaus" sveitarfélög greiða tiltekið fjárframlag eitt skipti fyrir öll og öðlast hlutfallslega eignar- og stjórnarhlutdeild. Nefnt er framlagið kr. 7.500,- á íbúa, en það gæti verið eitthvað annað.

Lausn þessi verður varla framkvæmd nema pólitísk samstaða náist um hana og Reykjavík, Akureyri o.fl. samþykki fyrirfram, en búast má við að einhverjir telji að eignarréttarákvæði stjórnarskrár sé brotið ef þessari skipan yrði komið á með löggjöf og án fyrirfram-samþykkis allra aðila.

Reykjavík, 18.3. 1975.

Ragnar Aðalsteinsson hrl.

"REKSTRARYFIRTÖKUÆÐFERÐIN"viðstofnun landshlutafyrirtækja til
raforkuvinnslu og aðalorkuflutnings

Hér er reynt að benda á leið til þess að koma stofnun fyrirhugaðra landshlutaorkuvinnslufyrirtækja ríkis og sveitarfélaga í framkvæmd með eignaraðildarskiptingu í fyrirtækjunum eftir svonefndu íbúahlutfalli (en ríkið eigi helming) og með fullkominni yfirtöku landshlutafyrirtækjanna á raforkuvinnslu í hverjum landshluta án þess að stofnaðilar þurfi að greiða sérstakt stofnframlag.

Það er ljóst, að nokkur áhugi á stofnun landshlutaorkuvinnslufyrirtækjanna þarf að vera fyrir hendi hjá stofnaðilum og vilji til samkomulags til þess að hugmynd sú eða tillaga, sem hér er lögð fram, nái fram að ganga.

Hið sérstaka í þessari hugmynd er það, er segir í lið (4) a) hér á eftir, nfl. að raforkuvinnslumannvirki og aðalorkuflutningslínur ásamt tilheyrandi öðrum eignum nú í rekstri í hverjum landshluta verði áfram eign núverandi eigenda, en falin landshlutaorkuvinnslufyrirtækinu til rekstrar sem hluti heildarrekstrar þess í fullum samrekstri við þess eigin mannvirki. Þetta yrði, eins og að framan er vikið að, að ske með sérstöku samkomulagi milli núverandi eigenda og annarra stofnaðila að landshlutafyrirtækinu. Þetta er svo útfært nokkru nánar í eftirfarandi dæmi, sem tekið er um Norðurlandsvirkjun.

Dæmi: Norðurlandsvirkjun.

(1) Norðurlandsvirkjun sé stofnuð í þeim tilgangi, að hún fái einkarétt til raforkuvinnslu á starfssvæði sínu, er taki yfir Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur og þá kaupstaði, sem eru á því landssvæði.

(2) Norðurlandsvirkjun sé sameignarfélag ríkissjóðs og allra kaupstaða og annarra sveitarfélaga á starfssvæði hennar (Norðlendingafjórðungi, sbr. (1)) og sé eign ríkissjóðs að hálfu og sveitarfélaganna að hálfu í hlutfalli við íbúatölu hvers þeirra 1. des. 1974.

(3) Norðurlandsvirkjun taki við stofnun við Kröfluvirkjun í smíðum, svo og við raforkuverum og aðalorkuflutningslínunum, sem stofnaðilar hafa þá í smíðum; að "byggðalínunni" milli Hvalfjarðar og Akureyrar undanskildri. Þessum mannvirkjum taki Norðurlandsvirkjun við samkvæmt byggingarreikningi og kostnaðarverði og þau verði eign Norðurlandsvirkjunar með þeirri eignaraðildarskiptingu, sem segir í lið (2). Framlag frá eignaraðilum, sem krafði er um vegna þessara mannvirkja, svo og þeirra, er fyrirtækið síðar ræðst í, skiptist á eigendur Norðurlandsvirkjunar í samræmi við eignarhlutföllin.

(4) Norðurlandsvirkjun taki með sérstöku samkomulagi við núverandi eigendur einnig við raforkuverum og aðalorkuflutningslínunum í eigu ríkissjóðs, Akureyrarkaupstaðar og Siglufjarðarkaupstaðar nú í rekstri á fyrirhuguðu starfssvæði Norðurlandsvirkjunar.

Þetta samkomulag gæti verið á þessa leið:

- a) Mannvirkin séu áfram eign núverandi eigenda, en falin Norðurlandsvirkjun til rekstrar sem hluti heildarrekstrar hennar og í fullum samrekstri við hennar eigin mannvirki.
- b) Verðmæti þessara fjármuna séu metin og fyrnd eftir viðurkenndum reglum (sbr. síðar) og full grein gerð fyrir því, hvaða skuldir fylgja þeim.
- c) Efnahagsreikningur sé sérstaklega færður fyrir þessa fjármuni, en Norðurlandsvirkjun sé ekki skylt að hafa sérstakt bókhald um rekstrargjöld þeirra né rekstrartekjur. Af heildartekjum Norðurlandsvirkjunar falli ár hvert til þessara mannvirkja fyrningarfé þeirra og hlutfallslega jafn mikið af heildararði og þau voru mikill hluti af vergri (bókfærðri) eign í rekstri í byrjun árs (verg eign = endurmetinn stofnkostnaður + endurmetin fyrning).

Fé þetta notist til greiðslu vaxta og afborgana af hinum áhvílandi lánum (sbr. lið b), en afgangur, ef einhver er, bókast sem innieign ríkissjóðs, Akureyrar og Siglufjarðar hjá Norðurlandsvirkjun, eins og við á.

- d) Eigendur Norðurlandsvirkjunar bera einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum, að því er varðar kröfur vegna þessara mannvirkja, en eigendur þessara mannvirkja bera ábyrgð gagnvart öðrum eigendum Norðurlandsvirkjunar.
- e) Um útborgun aðrs til eigenda gildi sömu reglur fyrir þessi mannvirki, sem gilda um Norðurlandsvirkjun í heild.
- f) Um endurmat og fyrningu þessara mannvirkja gildi sömu reglur, sem gilda fyrir önnur mannvirki Norðurlandsvirkjunar, eins og við á.
- g) Þegar mannvirki þessi eru fullfyrnd samkvæmt gildandi reglum, falli þau, ef nokkuð er nýtilegt eftir af þeim, til Norðurlandsvirkjunar á afgangsvirði, sem ákveðst með mati dómkvaddra manna, ef samkomulag næst ekki. Jafnframt fari fram uppgjör á innieign þeirri, sem fyrir hendi kann að vera samkvæmt staflið c).
- h) Norðurlandsvirkjun í heild sé rekin þannig, að arðgjöf af bókfærðum eignum í rekstri verði eigi minni en 8%.
- i) Samkomulag þetta skal mega endurskoða á fimm ára fresti, en uppsögn skal ekki hafa gildi, nema samþykki Alþingis komi til.

(5) Tekið verði til athugunar, að Norðurlandsvirkjun semji við Rafveitu Akureyrar og Rafveitu Siglufjarðar um að annast um rekstur Laxárvirkjunar og Skeiðsfossvirkjunar fyrst um sinn eftir stofnun Norðurlandsvirkjunar og þar til öðruvísi yrði ákveðið.

(6) Um bókhald og um endurmat og fyrningu eigna Norðurlandsvirkjunar séu settar fastar reglur, sem orkumálaráðherra staðfestir.

(7) Halda skal aðalfund einu sinni á ári. Skal hver eignaraðili eiga einn fulltrúa hið minnsta, sveitarfélag með íbúatölu í des. 1974 1000 - 10 000 tvo og Akureyri þrjá. Ríkissjóður skal eiga 5 fulltrúa.

(8) Á aðalfundi hafi hver eignaraðili í hópi sveitarfélaga eitt atkvæði fyrir hverja 100 íbúa miðað við manntal í des. 1974, en ríkið jafn mörg atkvæði og sveitarfélögin samtals. Auk þessa hafi eigendurnir eitt atkvæði á hvern tug milljóna króna og hálfan tug eða meir í aðild sinni að vergri eign í byrjun árs, og nái það ákvæði einnig til hinna eldri virkja, sem um ræðir í (4).

(9) Stjórn Norðurlandsvirkjunar skipi 9 menn. Ríkissjóður skipar fjóra stjórnarmenn og fjóra til vara til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu af eignaraðilum öðrum en ríkinu. Menn þessir skulu kosnir til fjögurra ára. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Verði þessir átta stjórnarmenn sammála, skulu þeir velja níunda manninn, sem verður formaður, einnig til fjögurra ára. Ef ekki næst samkomulag um formann, skal hann skipaður af Hæstarétti til fjögurra ára. Varaformaður skal kosinn af fullskipaðri stjórn til fjögurra ára.

(10) Eigendur Norðurlandsvirkjunar beri einfalda, óskipta ábyrgð gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar krafið um framlag frá eigendum, skal það skiptast á þá í samræmi við eignarhlutföll.

(11) Norðurlandsvirkjun myndi með öðrum hliðstæðum landshluta-fyrirtækjum sameiginlegt fyrirtæki, er hafi þau verkefni a) að annast yfirstjórn samrekstrar orkuvera og aðalorkuveitna í samtengdum kerfum um allt landið, b) að hafa yfirumsjón með raforkuviðskiptum fram og aftur milli landshluta, c) taka sameiginlegar ákvarðanir um orkusölusamninga og heilðsöluverð, d) setja landshluta-fyrirtækjunum fastar og samræmdar reglur um bókhald og endurmat og fyrningu eigna, e) taka sameiginlega ákvörðun um byggingu, tímaröð og staðsetningu nýrra raforkuvera og aðalorkuflutningslína og f) vera að öðru leyti vettvangur samstarfs og sameiginlegra átaka landshluta-fyrirtækjanna við hagnýtingu orkulinda landsins.

Skýringar og athugasemdir

1. Með því fyrirkomulagi, sem hér er um að ræða, er komist hjá því að draga fjármagn út úr raforkuiðnaðinum, en um leið reynt að koma málum svo fyrir, að raforkuvinnslan í hverjum landshluta sameinist í eitt fyrirtæki án þess að við sjálfa sameininguna sé nýjum eignaraðilum, öðrum sveitarfélögum, lagðar þungar fjárhagslegar byrðar á herðar, né heldur hafi eigendur hinna eldri mannvirkja óhag af henni.

Megináhersla er lögð á, að þær framkvæmdir í raforkuvinnslumálum, sem héðan í frá verða gerðar, verði sameign allra íbúa landshlutans (ásamt ríkissjóði) og þeir fái sem beinust áhrif á stjórn þeirra mála.

2. Heitið "arður" er hér notað í merkingunni hagnaður að viðbættum vöxtum, og er þá rekstrarreikningur fyrirtækisins greindur þannig:
heildartekjur = rekstur + fyrning + vextir + hagnaður,
en arðgjöf skilgreind sem hlutfall hreinna tekna (þ.e. hagnaðar) að viðbættum vöxtum og bókfærðrar eignar í byrjun árs. Viðhaldskostnaður er þá, eins og sjá má, talinn til rekstrar-kostnaðar.

Verg eign er hér látið merkja sama sem bókfærð eign eða sama sem stofnkostnaður, að frádreginni fyrningu. En jafnframt er gengið út frá, að hvort tveggja sé endurmetið árlega eftir viðurkenndum reglum.

Ekki er gert ráð fyrir, að arður sé greiddur út til eigenda, nema um það verði síðar gerðar sérstakar samþykktir eða ákvæði sett í lögum og reglugerðum.

3. Lagt er þá til, að heildartekjum sé varið og skipt þannig:
 - 1) rekstur greiddur af óskiptum heildartekjum;
 - 2) fyrning reiknuð á hvern hluta eigna eftir ákveðnum og viðurkenndum reglum um fyrningu;

3) arður reiknaður eigendum í hlutfalli við verga eign þeirra í byrjun árs.

Fyrningarféð og arðurinn er síðan notað til að standa straum af áhvílandi skuldum, eins og samningar standa til, en það sem þá er afgangs, ef nokkuð er, færast sem aukning höfuðstóls. Fyrning verður að fara fram eftir viðurkenndum og föstum reglum og miðast við eðlilega fyrningu mannvirkja.

Þá þarf, eins og síðar er vikið að, að haga rekstri þessara einkaréttar fyrirtækja þannig, að um hæfilega arðgjöf þess fjármagns verði að ræða, sem í þeim er bundið.

4. Það er litið svo á, að með þessu fyrirkomulagi verði í flestum landshlutum hið nýja sameiginlega orkuvinnslufyrirtæki þegar frá stofnun fjárhagslega styrkara en þau raforkuvinnslufyrirtæki, sem fyrir eru, hvort um sig eða öll samantalin, og megnugra til stóráttaka í raforkumálum en þau.
Þó er ástæða til að leggja áherslu á ákvæði um lágmarksarðgjöf í rekstri landshlutafyrirtækjanna (sbr. (4) h), einkum með hliðsjón af því, að orkuvinnslufyrirtækin eru í eðli sínu einkaréttarfyrirtæki og afurðaverð þeirra háð ákvörðunum opinberra stjórnarvalda, en ekki frjálst markaðsverð, nema að litlu leyti.
5. Eðlilegt er að gera ráð fyrir ákvæðum, sem takmarka heimild aðalfundar og stjórnar landshlutafyrirtækisins til að skuldbinda eignaraðila að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema samþykki eigenda komi til (sbr. lög um Landsvirkjun).
6. Með ákvæðunum í (8) varðandi atkvæðatölu eignaraðila er tillit tekið til séreignar hinna eldri virkja. Á þennan hátt fara eigendur þeirra fyrst í stað með hlutfallslega fleiri atkvæði en aðrir eigendur landshlutafyrirtækisins, en er frá líður og ný mannvirki landshlutafyrirtækisins rísa upp, gætir þessa munar minna. Þegar hin eldri mannvirki eru fyrnd að fullu, hverfur hann alveg.

750502-JG. "Rekstrarýfirtökuáferðin". Bókfært verð og atkvæðamagn við stofnun og eftir nýrvirkjanir.

Aths: (1) Atkv. sveitarfél. = íbúatala : 100 + bókf.verð eigna í Mkr.: 10; (2) Bókf. verð eldri virkja skv. ársr. 1973

Eigendur	Við stofnun				Ágiskað				Ný-virkjanir bætast við				
	Íbúa tala des '73	Atkv. vegna íbúa tölur	Bókf. eign Mkr.	Atkv. vegna bókf. eignar	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.	Bókf. eign bókf. eignar	Atkv. vegna íbúa tölur	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.	Atkv. vegna bókf. eignar	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.	Atkv. bókf. næstu nývirkjana Mkr.
NL. Ríki	-	333	869	87	420	52,4	2000	333	2869	287	620	52	50
Akureyri-Sigluflj.	13559	136	475	48	184	23,0	816	136	1291	129	265	22	20,4
Önnur sveit.fél.	19692	197	0	0	197	24,6	1184	197	1184	119	316	26	29,6
	33251	666	1344	135	801	100,0	4000	666	5344	535	1201	100	100,0
SL. Ríki	-	1450	5431	544	1994	50,6	5000	1450	10431	1044	2494	50,5	50
Reykjavík	84333	844	4983	499	1343	34,0	2911	844	7894	790	1634	33,0	29,1
Önnur sveit.fél.	60525	606	0	0	606	15,4	2089	606	2089	209	815	16,5	20,9
	144858	2900	10414	1043	3943	100	10000	2900	20414	2043	4943	100	100,0
VL. Ríki	-	137	175	18	155	50,5	500	137	675	68	205	50,4	50
Akr.Borg.-Mýr.	8042	81	145	15	96	31,3	295	81	440	44	125	30,7	29,5
Önnur Sveit.fél.	5607	56	0	0	56	18,2	205	56	205	21	77	18,9	20,5
	13649	274	320	33	307	100	1000	274	1320	133	407	100	100
VF. Ríki	-	101	696	70	171	62	1000	101	1696	170	271	57	50
Ísafjörður	3114	32	46	5	37	13	312	32	358	36	68	14	15,6
Önnur sveit.fél.	6869	69	0	0	69	25	688	69	688	69	138	29	34,4
	9983	202	742	75	277	100	2000	202	2742	275	477	100	100,0
AL. Ríki	-	118	969	97	215	65	1500	118	2469	247	365	58	50
Sveitarfél.	11758	118	0	0	118	35	1500	118	1500	150	268	42	50
	11758	236	969	97	333	100	3000	236	3969	397	633	100	100
Samt.Ríki	-	2139	8140	816	2955	52,2	10000	2139	18140	1816	3955	51,6	50
Eig.eldri virkja	109048	1093	5649	567	1660	29,3	4334	1093	9983	999	2092	27,3	25,5
Önn. sveitarfél.	104451	1046	0	0	1046	18,5	5666	1046	5666	568	1614	21,1	24,5
	213499	4278	13789	1383	5661	100	20000	4278	33789	3383	7661	100,0	100,0

:100 :10

:100 :10